

Íslenskir radióamatörar (ÍRA)

Aðalfundur 22. maí 2010



Skýrsla um starfsemi félagsins 2009-2010

Jónas Bjarnason, TF2JB formaður



Útgefandi: Íslenskir radíóamatörar, Í.R.A., pósthólf 1058, 121 Reykjavík.

Tölvupóstfang: tf3ira@gmail.com.

Vefsíða: <http://www.ira.is>.

Ábyrgðarmaður: Jónas Bjarnason, TF2JB.

Heimilt er að birta efni úr skýrslunni en þess skal getið hvaðan það er fengið.

Útgáfudagur: 22. maí 2010.

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	3
FORMÁLI	5
STJÓRN Í.R.A. STARFSÁRIÐ 2009-2010	6
STJÓRN, EMBÆTTISMENN OG FUNDIR	7
1. Stjórn Í.R.A.	7
2. Skipan embættismanna	7
3. Stjórnarfundir og fundargerðir	8
4. Fundur stjórnar og prófnefndar	9
5. Fundir með Póst- og fjarskiptastofnun	10
6. Fundir erlendis og IARU málefni	10
7. Starfshópar og nefndir	10
8. Fjöldi félagsmanna	11
FÉLAGSAÐSTADAN VIÐ SKELJANES	13
1. Framkvæmdir í setustofu	13
2. Framkvæmdir í fjarskiptaherbergi	14
2.1 Fjarskiptaborð A	15
2.2 Fjarskiptaborð B	16
2.3 SteppIR 3E loftnet félagsins	17
3. Framkvæmdir í smíðaaðstöðu	18
VETRARDAGSKRÁ	19
1. Erindi	19
2. Flóamarkaður	20
3. Myndakvöld	20
ÚTGÁFUMÁL	21
1. Ritið Siðfræði og samskiptasiðir radíóamatöra	21
2. Félagsblaðið CQ TF	22
3. Miðlar og upplýsingakerfi	22
TF ÚTILEIKAR OG VITAHELGIN	23
1. TF útileikarnir 2009	23
2. Vita- og vitaskipahelgin 2009	23
3. CQ WW 160 metra CW keppnin 2010	24

NÁMSKEIÐ	25
1. Námskeið til amatörprófs	25
2. Morsenámskeið	25
3. Morsæfingar TF3IRA	25
NÝ TÍÐNISVIÐ: 500 kHz OG 70 MHz	27
1. Heimild til notkunar á 500 kHz (600 metrum)	27
2. Heimild til notkunar á 70 MHz (4 metrum)	27
3. Heimild til notkunar á 1850-1900 kHz tíðnisviðinu	27
4. Um 5 MHz (60 metra bandið)	27
NÝ GÖGN TIL FÉLAGSMANNA	28
1. Gögn til nýrra félagsmanna	28
2. QSL skilagreinar	28
3. Leiðbeiningar um notkun tækja	29
4. Unnið úr QSL kortum TF3IRA	30
5. Endurvarpar	30
VIÐURKENNINGARSKJÖL FRÁ ARRL OG CQ	31
TALSTÖÐVASAFN SIGGA HARÐAR, TF3WS	33
Stofnun talstöðvasafns að Skógum	33
VIÐAUKI-A: FUNDARGERÐIR STJÓRNAR STARFSÁRIÐ 2009-2010	33
1. Fundargerð nr. 1/2009	37
2. Fundargerð nr. 2/2009	39
3. Fundargerð nr. 3/2009	41
4. Fundargerð nr. 4/2009	43
5. Fundargerð nr. 5/2009	45
6. Fundargerð nr. 6/2009	47
7. Fundargerð nr. 7/2010	49
8. Fundargerð nr. 8/2010	52
9. Fundargerð nr. 9/2010	54
10. Fundargerð nr. 10/2010	57
VIÐAUKI-B: ÖNNUR GÖGN	59
1. QSL skilagrein	60
2. Ávarpsbréf til nýrra félagsmanna	61
3. Erindisbréf neyðarfjarskiptastjóra	63
4. Fréttatilkynning Í.R.A. dags. 20. febrúar 2010	65
5. Gjafir til Í.R.A.	67

Formáli

JÓNAS BJARNASON, TF2JB

Starfsemi Í.R.A. gekk mjög vel á starfsárinu 2009-2010. Á tímabilinu starfaði samhent og virk stjórn. Félagsandinn var jákvæður og aðkoma embættismanna sem og almennra félagsmanna að einstökum verkefnum var framúrskarandi góð. Í þessu samhengi er ánægjulegt að upplýsa að fjöldi félagsmanna fór í fyrsta skipti yfir 200 í síðast liðnum marsmánuði (2010). Að mati undirritaðs, hefur félagið á að skipa fólki sem hefur hæfni til að takast á við væntingar þessa hóps og því ljósi bjóðum við nýja félagsmenn velkomna.

Nokkur atriði standa upp úr á starfsárinu. Það er í *fyrsta lagi*, prentun á merkri þýðingu Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS, á ritinu „Siðfræði og samskiptasiðir radióamatöra“ sem kom út 13. ágúst 2009. Í *öðru lagi*, vel heppnað námskeið til amatörprófs sem hófst 22. október 2009 undir skólastjórn Hrafnkels Eiríkssonar, TF3HR. Í *þriðja lagi*, endurskipulagning og breytingar sem gerðar voru í fjarskiptaherbergi TF3IRA í samráði við Svein Braga Sveinsson, TF3SNN, stöðvarstjóra og lauk [að mestu] skömmu fyrir áramótin 2009/2010. Í *fjórða lagi*, tilkoma nýrra tíðnisviða á 500 kHz og 70 MHz frá hendi Póst- og fjarskiptastofnunar 19. febrúar 2010. Og síðast, en ekki síst, *frábært* vinnuframlag Kristins Andersen, TF3KX, ritstjóra CQ TF. Aðkoma Kristins að CQ TF hefur „lyft“ blaðinu í gæðum og allri framsetningu, auk þess að hafa komið festu á útgáfuna.

Þessu til viðbótar má þakka fjölmörgum öðrum þeirra framlag. Undirritaður átti þess t.d. kost að vera viðstaddur próf Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörréttinda sem haldið var af prófnefnd Í.R.A. fyrir hönd stofnunarinnar þann 23. janúar. Það var sérstök ánægja fólgin í því að að upplifa faglegt starf nefndarinnar á vettvangi og verða vitni að því hversu snurðulaust allt gekk fyrir sig og í föstum farvegi. Þar fer Vilhjámur Þór Kjartansson, TF3DX, fremstur á meðal jafningja.

Í annan stað, má geta um einstakt frumkvæði Brynjólfs Jónssonar, TF5B, sem hefur „skannað“ og tölvutekið öll eintök af CQ TF frá upphafi (1964) ásamt fréttabréfinu. Efninu er komið fyrir á geisladiski og má t.d. leita í gagnagrunninum og finna allar blaðsíður í öllum tölublöðum þar sem tiltekið leitarorð kemur fyrir. Þetta eru alls um 2000 blaðsíður af efni og geypigóð heimild um sögu félagsins. Í samráði við Brynjólf, verða gögnin gerð aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Á meðal nýjunga sem kynntar eru á aðalfundi Í.R.A. árið 2010 er þessi skýrsla, þ.e. ný framsetning skýrslu formanns um starfsemi félagsins. Markmiðið er, að draga saman á einn stað það markverðasta sem gerst hefur í félaginu á stjórnarárinu. Skýrslunni fylgja tveir viðaukar, þ.e. viðauki-A með fundargerðum stjórnar og hins vegar, viðauki-B þar sem kynnt eru önnur markverð skjöl eða mál. Í annan stað, er kynnt á þessum aðalfundi ný framsetning á reikningum félagsins. Þeir eru nú ítarlegar sundurgreindir en áður, ásamt því að skýringarþáttur hinna ýmsu liða reikningsins eru efldur. Það er von mín að félagsmönnum líki ný framsetning þessara gagna félagsins og ekki síður, að komandi stjórnir í félaginu ihugi að þróa þessar aðferðir áfram sem fyrirmyndir til framtíðar.

Stjórn félagsins og embættismenn áttu samskipti og samstarf við fjölmarga á starfsárinu. Hér með er komið á framfæri þakklæti og hlýjum kveðjum fyrir okkar hönd til þessa stóra hóps sem að minnsta kosti á eitt sameiginlegt, þ.e. okkar frábæra áhugamál. Síðast, en ekki síst, vil ég þakka samstjórnarmönnum mínum frábært samstarf og ánægjulega persónulega viðkynningu í samskiptum er varða málefni félagsins.

STJÓRN Í.R.A. STARFSÁRIÐ 2009-2010



Frá vinstri: Erling Guðnason, TF3LL, gjaldkeri; Guðmundur Sveinsson, TF3SG, varaformaður; Jón Ingvar Óskarsson, TF1JI, varastjóri; Sveinn Bragi Sveinsson, TF3SNN, meðstjórmandi; Jónas Bjarnason, TF2JB, formaður; og Guðmundur Löve, TF3GL, ritari. Á myndina vantar Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ, varastjóri. Myndin er tekin á stjórnarfundum nr. 1/2009; 2. júní. Ljósmynd: Jón Svavarsson, TF3LMN.

Stjórn, embættismenn og fundir

STJÓRN, EMBÆTTISMENN, FUNDIR OG STARFSHÓPAR

1. STJÓRN Í.R.A. 2009-2010

Aðalfundur Í.R.A. 2009 var haldinn 23. maí í félagsaðstöðunni við Skeljanes. Í samræmi við 21. gr. laga¹ fór fram kjör í stjórn félagsins fyrir starfsárið 2009-2010. Jónas Bjarnason, TF2JB var kjörinn formaður til eins árs. Erling Guðnason, TF3EE og Sveinn Bragi Sveinsson, TF3SNN voru kjörnir stjórnarmenn til tveggja ára. Jón Ingvar Óskarsson, TF1JI og Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ voru kjörnir varamenn til eins árs. Fyrir voru í stjórn til setu á síðara tímabili, Guðmundur Sveinsson, TF3SG; og Guðmundur Löve, TF3GL.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þann 2. júní skipti hún með sér verkum í samræmi við ákvæði í 9. gr. laga² og féllu embætti þannig: Guðmundur Sveinsson, TF3SG, varaformaður; Guðmundur Löve, TF3GL, ritari; Erling Guðnason, TF3EE, gjaldkeri; og Sveinn Bragi Sveinsson, TF3SNN, meðstjórnandi. Aðrir stjórnarmenn eru kjörnir til eins árs, þ.e. Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður; Jón Ingvar Óskarsson, TF1JI, varastjórn; og Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ, varastjórn.

2. SKIPAN EMBÆTTISMANNA

Stjórn Í.R.A. skipaði í helstu embætti innan félagsins fyrir starfsárið 2009-2010 á stjórnarfundi nr. 1/2009 þann 2. júní. Að stærstum hluta var um að ræða endurskipan, en þó var samþykkt á fundinum að stofna til embættis neyðarfjarskiptastjóra. Í samræmi við 9. gr. félagslaga þar sem kveðið er á um að skipan skuli vera skrifleg, var framlagt uppkast að erindisbréfi fyrir neyðarfjarskiptastjóra samþykkt á stjórnarfundi nr. 3/2009 þann 11. ágúst.³ Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA, var formlega skipaður í embætti neyðarfjarskiptastjóra á þeim fundi. Þess skal getið, að sérstök tilvísan er til lögum félagsins hvað varðar tiltekin embætti. Þau eru: Prófnefnd (sbr. 23. gr.⁴); rekstur QSL þjónustu (í 24. gr.⁵) og útgáfa CQ TF (í 25. gr.⁶). Í töflu 1 má sjá upplýsingar um stjórnarmenn og embættismenn Í.R.A. starfstímabilið 2009-2010.

¹ 21. grein. Fyrst skal kjósa formann til eins árs í senn. Næst skal kjósa tvo stjórnarmenn til tveggja ára. Þá skal kjósa til eins árs í stað aðalmanna sem forfallast. Loks skal kjósa tvo varamenn.

² 9. grein. Stjórnina skipa: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Stjórnin hefur umboð aðalfundar til að stýra félaginu og sjá um samskipti við yfirvöld og önnur samtök. Stjórnin skiptir með sér verkum og setur aðstoðarmenn með skriflegri tilskipun. Þessu skal lokið svo fljótt sem auðið er og tilkynnt félagsmönnum. Einnig skal tilkynna skipun stjórnar til Póst- og fjarskiptastofnunar, I.A.R.U. og N.R.A.U. Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Hann er talsmaður félagsins. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Hann sinnir starfsáætlun og framkvæmd hennar. Ritari sér til þess að bréflög erindi fái afgreiðslu, sinnir fundargerðum og heldur gögnum til haga. Skrifri aðrir í nafni félagsins er þeim skylt að láta ritara í té eintak. Ritari sér til þess að afrit af fundargerðum og erindum sem varða marga liggi jafnóðum fyrir í félagsheimili. Gjaldkeri innheimtir félagsgjöld, varðveitir sjóði og annast greiðslur í samráði við stjórn. Gjaldkeri heldur rétt félagatal á hverjum tíma og varðveitir eldri skrár. Hann sér um útgáfu félagatals. Varamenn sitja stjórnarfundi í forföllum. Segi stjórnarmaður af sér milli aðalfunda tekur varamaður við og gengur sá fyrir sem flest atkvæði hlaut á aðalfundi, ella ræður hlutkesti. Tveir stjórnarmenn geta boðað til stjórnarfundar án atbeina formanns sjái þeir ástæðu til.

³ Erindisbréf neyðarfjarskiptastjóra er birt í Viðauka-B með skýrslu þessari.

⁴ 23. grein. Hlutverk prófnefndar félagsins er að: (1) Halda próf sem Í.R.A. er falin umsjón með. (2) Veita upplýsingar um prófkröfur og námsefni. Í prófnefnd sitja 5 menn, Gleyfishafar að meirihluta, skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann.

⁵ 24. grein. Reka skal QSL-þjónustu fyrir félagsmenn. QSL stjóri er skipaður af stjórn og fer með fjármál þjónustunnar. Reksturinn skal kostaður af hóflegu gjaldi á útsend kort.

⁶ 25. grein. Félagið skal halda úti blaði með heitinu CQ TF. Minniháttar útgáfu blaðsins má auðkenna sem fréttabréf. Stjórn skipar ritstjóra. Hann sér til þess að haldið sé saman tveimur söfnum blaðanna, annað aðgengilegt félagsmönnum, en hitt í vörslu ritstjóra á hverjum tíma.

Tafla 1 Embættismenn Í.R.A. starfstímabilið 2009-2010.

EMBÆTTI	NAFN / KALLMERKI	LEYFISBRÉF
Formaður	Jónas Bjarnason, TF2JB	80
Varaformaður	Guðmundur Sveinsson, TF3SG	315
Ritari	Guðmundur Löve, TF3GL	321
Gjaldkeri	Erling Guðnason, TF3EE	187
Meðstjórnandi	Sveinn Braji Sveinsson, TF3SNN	265
Varamaður	Jón Ingvar Óskarsson, TF1JI	173
Varamaður	Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ	100
Spjaldskrárritari	Sveinn Braji Sveinsson, TF3SNN	265
Ritstjóri CQ TF	Kristinn Andersen, TF3KX	91
www.ira.is, ritstjóri	Guðmundur Löve, TF3GL	321
www.ira.is, ritstjóri II	Sveinn Braji Sveinsson, TF3SNN	265
QSL Manager; útsend kort	Jón Gunnar Harðarson, TF3PPN	294
QSL Manager; innkomin kort	Bjarni Sverrisson, TF3GB	180
Awards Manager	Brynjólfur Jónsson, TF5B	125
Neyðarfjarskiptastjóri	Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA	46
Umsjónarmaður endurvarpa	Guðmundur Sigurðsson, TF3GS	251
Umsjónarmaður endurvarpa	Sigurður Harðarson, TF3WS	218
Stöðvarstjóri TF3IRA	Sveinn Braji Sveinsson, TF3SNN	265
Skólastjóri námskeiða	Hrafnkell Eiríksson, TF3HR	249
IARU tengiliður	Kristján Benediktsson, TF3KB	41
PFS tengiliður	Guðmundur Löve, TF3GL	321
TF útileikar, formaður	Kristinn Andersen, TF3KX	91
TF útileikar	Brynjólfur Jónsson, TF5B	125
Prófnefnd, formaður	Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX	44
Prófnefnd	Kristján Benediktsson, TF3KB	41
Prófnefnd	Kristinn Andersen, TF3KX	91
Prófnefnd	Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS	235
Prófnefnd	Sigurður Smári Hreinsson, TF8SM	196
Skoðunarmaður reikninga	Óskar Sverrisson, TF3DC	99
Skoðunarmaður reikninga	Haukur Konráðsson, TF3HK	215
Skoðunarmaður reikninga, til vara	Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS	235

3. STJÓRNARFUNDIR OG FUNDARGERÐIR

Alls voru haldnir 10 formlegir stjórnarfundir á starfsárinu, sbr. töflu 2. Yfirleitt var fundað mánaðarlega, að undanskildum desember og febrúar.

Tafla 2 Yfirlit yfir stjórnarfundir í Í.R.A. starfstímabilið 2009-2010.

STJÓRNARFUNDIR	DAGSETNING	FUNDARSTAÐUR
Fundur nr. 1/2009	2. júní	Skeljanes
Fundur nr. 2/2009	7. júlí	Skeljanes
Fundur nr. 3/2009	11. ágúst	Skeljanes
Fundur nr. 4/2009	27. september	Skeljanes
Fundur nr. 5/2009	29. október	Skeljanes
Fundur nr. 6/2009	26. nóvember	Skeljanes
Fundur nr. 7/2010	8. janúar	Skeljanes
Fundur nr. 8/2010	16. febrúar	Skeljanes
Fundur nr. 9/2010	30. mars	Skeljanes
Fundur nr. 10/2010	8. maí	Skeljanes

Á stjórnarfundum þann 27. september 2009 var samþykkt að auðvelda aðgang að fundargerðum stjórnar með því að hengja upp prentuð eintök þeirra í félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Í annan stað, var samþykkt að birta allar fundargerðir stjórnarársins 2009-2010 á póstlista félagsins þar til mögulegt verður að halda þeim til haga á heimasíðu. Fundargerðir stjórnar eru jafnframt birtar í CQ TF.

4. FUNDUR STJÓRNAR OG PRÓFNEFNDAR

Stjórn Í.R.A. hélt fund með prófnefnd félagsins í félagsaðstöðunni við Skeljanes 18. ágúst 2009. Full mæting var frá hendi prófnefndar, þ.e. Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX, formaður; Kristján Benediktsson, TF3KB; Kristinn Andersen, TF3KX; Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS; og Sigurður Smári Hreinsson, TF8SM. Af stjórnarmönnum mættu Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður; Guðmundur Sveinsson, TF3SG, varaformaður; Erling Guðnason, TF3EE, gjaldkeri; og Sveinn Bragi Sveinsson, TF3SNN, meðstjórmandi.



Frá vinstri: Kristján Benediktsson, TF3KB, prófnefnd; Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS, prófnefnd; Sigurður Smári Hreinsson, TF8SM, prófnefnd; Kristinn Andersen, TF3KX, prófnefnd; Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX, formaður prófnefndar; Jónas Bjarnason, TF2JB, formaður; Sveinn Bragi Sveinsson, TF3SNN, meðstjórmandi; Guðmundur Sveinsson, TF3SG, varaformaður; og Erling Guðnason, TF3EE, gjaldkeri. Ljósmynd: Jón Svavarsson, TF3LMN.

Fundurinn var jákvæður og mikill einhugur um að efla starfið og keppa að sameiginlegu markmiði, þ.e. námskeiði á næstunni. Fram kom m.a. að prófnefnd telur að námskeiðin þurfi lágmark átta vikur í kennslu. TF3DX lagði fram áhugaverðar tölfræðiupplýsingar um úrkomu úr prófum síðustu ára, þ.e. fjölda sem hefur náð og fjölda sem ekki hefur náð og fjölda sem hefur farið í loftið. Fram kom, að um 35 manns hafa skrifað sig sem áhugasama um að taka þátt í námskeiði á yfirstandandi ári (haustið 2009).

Á fundinum var dreift þýðingu Vilhjálmss Ívars Sigurjónssonar, TF3VS, á ritinu „Ethics and operating procedures for the radio amateur“ við góðar undirtektir. Á íslensku hefur ritið hlotið heitið „Siðfræði og samskiptasiðir radióamatöra“ en það kom út á vegum félagsins félaginu þann 13. ágúst 2009. Ritið er alls 70 blaðsíður að stærð og var prentað hjá Prentsmiðjunni Odda.

TF3DX sagðist ekki hafa haft mikla trú á verkefninu í upphafi, en hann hefði gjörsamlega „snúist“ og óskaði félaginu hjartanlega til hamingju með glæsilegan árangur. Ritið verður notað sem hluti af námsefni félagsins til amatörprófs og dreift frítt til félagsmanna.

5. FUNDIR MEÐ PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Alls voru haldnir fjórir óformlegir fundir með starfsmönnum Póst- og fjarskiptastofnunar á starfsárinu og annaðist formaður þau samskipti. Einn fundur var haldinn í húskynnum Póst- og fjarskiptastofnunar að Suðurlandsbraut 4 í Reykjavík, þann 7. janúar 2010, en aðrir voru símafundir. Til umfjöllunar voru einkum námskeiðs- og prófamál og tíðni- og kallmerkjamál. Nánari upplýsingar má sjá í fundargerðum stjórnar.

6. FUNDIR ERLENDIS OG IARU MÁLEFNI

Varaformaður félagsins, Guðmundur Sveinsson, TF3SG, var fulltrúi Í.R.A. á óformlegum fundi með stjórn IARU Svæðs 1 ásamt fulltrúum annarra landsfélaga þann 26. júní 2009. Fundurinn var haldinn í Friedrichshafen í Þýskalandi í tengslum við sýninguna „Hamradio 2009“. Á fundinum var meðal annars gerð grein fyrir störfum stjórnar Svæðis 1 að undirbúningi alþjóðasamtakana fyrir heimsráðstefnu ITU 2012 (*e. World Radio Conference 2012*).

Formaður félagsins, Jónas Bjarnason, TF2JB, átti þess kost að heimsækja aðalstöðvar landsfélags finnskra radióamatöra *Suomen Radioamatööriliitoy (SRAL)* á ferð þar í landi í byrjun október 2009. Við upphaf ferðar lá ekki fyrir að tími yrði aflögu til að heimsækja SRAL. Þar af leiðandi hafði ekki verið tilkynnt fyrirfram um þessa heimsókn. Engu að síður gafst tækifæri til að ræða við starfsfólk SRAL á skrifstofu félagsins í Helsinki. Sjá nánar grein um heimsóknina á máli og myndum á bls. 20 í 1. tbl. CQ TF 2010. Finnar gerðu heimsókninni skil í *Radioamatööri*, þ.e. 1. tbl. ársins 2010.



Annika Wahlström, OH2HSJ og Ronja Gibson á skrifstofu SRAL.

Á stjórnarfundi í Í.R.A. sem haldinn var 30. mars 2010 var samþykkt að mæla með aðild landsfélags radióamatöra í Svartfjallalandi (MARP) að IARU Svæði 1. Stjórn Svæðis 1 hefur mælt með inngöngu MARP í erindi sem er dagsett 17. mars 2010 og merkt: „Proposal 246“. Gögn er fylgja erindinu liggja frammi í félagsaðstöðu í Skeljanesi.

7. STARFSHÓPAR OG NEFNDIR

Á aðalfundi félagsins 2009 var skipuð nefnd um endurúthlutun kallmerkja. Eftirfarandi rök voru lögð fram með tillögunni á aðalfundinum: „Engar skráðar reglur eru til um hversu langur tími þarf að líða uns stjórnvöld geta endurúthlutað kallmerki, t.d. í kjölfar þess að lykill leyfishafa hljóðnar (þ.e. leyfishafi deyr). Hér geta komið til mörg álitamál. Einn leyfishafi kann t.d. að hafa verið mjög virkur, annar leyfishafi kann t.d. að hafa verið óvirkur, tekið út leyfisbréf og greitt fyrir það en aldrei notað kallmerkið. Lagt er til að aðalfundur Í.R.A. 2009 samþykki skipan fjögurra manna í nefnd er fjalli um þetta mál og fleiri sem skyld eru að mati nefndarinnar. Nefndin skili tillögum sínum eigi síðar en á aðalfundi Í.R.A. 2010.“ Nánari upplýsingar eru í fundargerð aðalfundar sem birt var í 3. tbl. CQ TF 2009.

Eftirtaldir leyfishafar hlutu skipan í nefndina á aðalfundi: Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA; Haraldur Þórðarson, TF3HP; Kristinn Andersen, TF3KX; og Brynjólfur Jónsson, TF5B. Í kjölfar erindis frá stjórn félagsins til nefndarmanna dagsett 26. júní um verkefnið, hittust

nefndarmenn á fundi í Reykjavík þann 13. ágúst. Á þeim fundi var Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA, samþykktur sem forsvarsmaður nefndarinnar. Nefndin skilar formlega af sér á aðalfundi félagsins 2010.

Stjórn félagsins samþykkti á fundi sínum 27. september 2009 að auglýsa eftir áhugasömum félagsmönnum í tvo starfshópa um félagsleg málefni. Annars vegar starfshóp, til að gera tillögur um hvort efna beri til (og þá á hvaða hátt) kynningar á amatörradíói í tilefni alþjóðadags radióamatöra („World Amateur Radio Day“) 18. apríl 2010 og hins vegar, starfshóp til að endurskoða reglur fyrir TF útileikana 2010. Auglýst var eftir áhugasömum félögum í CQ TF í október 2009 og á ný í febrúar 2010. Að auki var vakin var athygli á málinu á heimasíðu og á póstlista. Þátttaka náðist ekki að þessu sinni.

8. FJÖLDI FÉLAGSMANNA


Samkvæmt 8. gr. félagslaga⁷ skiptist félagsaðild að Í.R.A. eftirfarandi: Heiðursfélagar; félagsmenn á aldrinum 16 til 66 ára; félagsmenn 67 ára og eldri, makar félagsmanna og fólk yngra en 16 ára; og kynningaraðild fyrsta ár aðildar.

Tafla 3. Tegund félagsaðildar.

Tegund félagsaðildar	Félagsgjald
Heiðursfélagar	Gjaldfrjáls aðild
Félagsmenn 16 til 66 ára	Fullt árgjald
Félagsmenn 67 ára og eldri, makar félagsmanna og yngra fólk en 16 ára	Hálft árgjald
Nýir félagsmenn; fyrsta ár félagsaðildar	Gjaldfrjáls aðild

Á starfsárinu 2009-2010 voru alls greidd 163 félagsgjöld. Þessi árangur er 33% betri samanborið við fyrra starfsár þegar innheimt félagsgjöld voru 123 talsins. Fjöldi skráðra félagsmanna var 204 árið 2010 samanborið við 173 á fyrra starfsári sem er 17% aukning á milli ára. Þar með er fjöldi félagsmanna kominn yfir 200 í fyrsta skipti í sögu félagsins. Fjárhæð félagsgjalds var 4000 krónur árið 2010 en 5000 krónur árið á undan.

Úr félagsstarfinu. Lennart Berger, LA1BP, varaformaður NRRL heimsótti Í.R.A. 24. september 2009. Frá vinstri: Jónas Bjarnason, TF2JB; Haraldur Þórðarson, TF3HP; Guðmundur Sveinsson, TF3SG; og Berger Lennart, LA1BP. Ljósmynd: Jón Svavarsson, TF3LMN.



⁷ 8. grein. Félagsgjöld miðast við fjárhagsár félagsins. Makar félagsmanna, þeir sem eru 67 ára og eldri og yngra fólk en 16 ára greiði hálf árgjald. Stjórn er heimilt að bjóða nýjum félögum 1. árið án félagsgjalds, þá án kjörgengis og kosningaréttar. Undanþegnir greiðslu eru heiðursfélagar. Gjald dagi er 1. júní ár hvert og eindagi 1. september. Fjárhæð félagsgjalda skal ákveðin á aðalfundi viðkomandi árs og skal gjaldið hækka um 20% sé eigi greitt fyrir 1. desember. Þegar félagsgjöld tveggja ára eru fallin ógreidd í eindaga er stjórn skylt að taka viðkomandi félagsmann af skrá að undangenginni bréflægri aðvörun. Skuld hans skal afskrifuð í bókhaldi félagsins.



Úr félagsstarfinu. Fyrsta sunnudagsopnun í félagsaðstöðinni við Skeljanes á starfsárinu samkvæmt vetrardagskrá var 6. desember 2009. TF3JA byrjaði með útsendingu á morseæfingum frá TF3IRA kl. 09:30. Um kl. 10 dró TF3SNN fram VHF/UHF loftnetin og var unnið að undirbúningi þeirra fyrir uppsetningu. TF1JI, TF3AO, TF3G og TF2JB aðstoðuðu. Guðmundur, TF3SG, hafði komið með nýja ferðanetið sitt fyrr um morguninn fyrir menn að skoða. Það er 21 metra há loftnetsstöng fest á kerru sem daga má hvert á land sem er og „henda út“ nokkrum radiólum og fara í loftið. Eftir hádegisd fóru þeir TF3GS og TF3JA síðan upp á Skálafell og skiptu um loftnet á TF3RPA sem þar með var QRV á ný. Vel heppnuð sunnudagsopnum. Þakkar til TF3SG! Ljósmynd: TF2JB.

Félagsaðstaðan við Skeljanes

SETUSTOFA, FJARSKIPTAHERBERGI OG SMÍÐAÐSTAÐA

1. FRAMKVÆMDIR Í SETUSTOFU

Breyting var gerð á uppröðun húsgagna setustofu í félagsaðstöðunni í júlí 2009. Hæginda-stólar voru færðir í stærra rými stofunnar og aðrir stólar í rými við bókaskáp. Í framhaldi er fyrirhugað, að færa tússtöfluna á "sjávarsíðuvegginn" þannig að hún nýtist einnig þeim sem



Séð inn í setustofuna eftir breytingu. Ljósmynd: TF2JB.

sitja í rými við bókaskáp, t.d. þegar haldn eru erindi eða fundir af einhverju tagi. Þessar breytingar hafa heppnast mjög vel og komu reyndar strax vel út eftir að þær höfðu verið framkvæmdar, skömmu fyrir opnunarkvöld þann 9. júlí. Þegar félagsmenn byrjuðu að streyma í félagsaðstöðuna, upp úr klukkan átta, spurðu margir hvers vegna þetta hafi ekki alltaf verið svona.

Nokkru áður, þ.e. í júnímánuði, hafði Guðmundur Sveinsson, TF3SG, hafist handa við að mála setustofnuna. Því verki var ekki lokið þegar tilfærslan á húsgögnunum fór fram og mátti sjá mikinn mun þar sem málningarvinnu var lokið, samanborið við þá vegg sem enn voru ómálaðir.



Sveinn Bragi Sveinsson, TF3SNN í rýminu við bókaskápinn eftir breytingu.

Því var ákveðið að stefna að því að ljúka málningarvinnu, þannig að þessi hluti húsnæðis félagsins yrði tilbúinn fyrir hauststarfið. Þegar þetta var rátt, voru sumarfrí framundan. Hins vegar tókst að ljúka verkinu í tíma, eða 1. september. Mikið munaði um liðsauka Baldvins Þórarinssonar, TF3-Ø33.

Við málningarvinnuna í setustofunni kom í ljós að hvítu kartonspjöldin með svart/hvítu ljósmyndunum, sem sumar hverjar höfðu hangið á veggjum setustofunnar (en þó ekki allar) þurftu lagfæringar með. Til prufu voru tekin þrjú spjöld og endurnýjuð og sett upp á ný 18. ágúst. Þar sem útkoman þótti góð, voru fimm til viðbótar send til viðgerðar/endurnýjunar og sett upp þann 25. september. Spjöldin voru upphaflega búin til fyrir sýningarbás Í.R.A. á Alþjóðlegu vörusýningunni sem haldin var haustið 1975 í Laugardalshöll. Þannig, að í þau 35 ár sem liðin eru hafa þau enst vel. Upphaflega var það Kristján Magnússon, TF3KM (sk) sem tók ljósmyndirnar og Guðjón Einarsson, TF3AC (sk) sem sá um að þær væru límdar upp. Menn eru sammála um að það muni verulega um „andlitslyftinguna“ og að efnistökin séu ekki síður viðeigandi í dag og þau voru á sínum tíma.

2. FRAMKVÆMDIR Í FJARSKIPTAHERBERGI


Umtalsverðar breytingar voru gerðar á fjarskiptaherbergi TF3IRA í félagsaðstöðunni í Skeljanesi á tímabilinu frá því s.l. sumar (2009) fram til áramóta 2009/2010 þegar verkefninu var lokið að langsamlega stærstum hluta. Markmiðið var, að búa TF3IRA aðstöðu og tæknilegar forsendur til að stunda megi fjarskipti frá stöðinni í sem flestum tíðnisviðum radióamatöra, á sem flestum tegundum útgeislunar, á mismunandi afli og [helst] hvenær sem er sólarhringsins. Það er skoðun núverandi stjórnar, að TF3IRA þurfi [helst] að geta uppfyllt þarfir kröfuhörðustu keppnismanna jafnt sem þarfir leyfishafa, sem kunna t.d. að vera að endurnýja kynni sín við áhugamálið á ný, e.t.v. eftir áratuga fjarveru.



Á myndinni má sjá Óskar Sverrisson, TF3DC, vinna á Yaesu FT-1000MP stöðina á fjarskiptaborði-A í CQ WW 160 metra CW keppinni í janúar 2010. Ljósmynd: TF3SA.

Nokkur atriði voru sérstaklega höfð til hliðsjónar við þessa vinnu. Í fyrsta lagi, að nýta tæki og búnað sem þegar voru til í eigu félagsins (þ.e. kaupa sem allra minnst). Í öðru lagi, að auka á þægindi þeirra sem stunda fjarskipti frá stöðinni, m.a. með nýrri uppröðun stöðvanna og annars búnaðar. Í þriðja lagi, að hafa til hliðsjónar (verði því komið við) að breytingar stuðli að því að fjarskiptaherbergið verði útlitslega í jafnvægi og til fyrirmyndar.

Eftir breytingarnar, deilist búnaður á tvö fjarskiptaborð. Annars vegar fjarskiptaborð-A, sem hýsir sendi-/móttökustöð fyrir fjarskipti í HF-sviðum á CW, SSB og stafrænum tegundum útgeislunar. Sendiafl er 100W en getur verið allt að 1kW (sjá neðar). Hins vegar, fjarskiptaborð-B sem hýsir sendi-/móttökustöð til fjarskipta í VHF/UHF sviðum til fjarskipta um gervitungl radióamatöra. Þessi stöð hefur þó sömu getu og fyrrnefnda stöðin í HF-sviðunum. Sendiafl er mest 100W á HF/VHF en 50W á UHF. Bæði fjarskiptaborð TF3IRA eru nú sömu tegundar og voru fætur þeirra sérstaklega lagfærðir til að auka stöðugleika. Jafnframt voru festar 40 cm breiðar límtréshillur á borðin. Eftir þá breytingu eru stöðvar og tölvuskjáiir (ásamt borðlömpum) staðsett í ca. 12 cm hæð yfir stöðvarborðunum. Þetta fyrirkomulag bætir álestur á stjórnborð stöðva og aukahluta og auðveldar fjarskiptin þar sem aukahlutir af ýmsu tagi eru nú staðsettir undir hillunni (sbr. mynd hér að ofan).



SteppIR 3E Yagi loftnet félagsins vinnur á 6/10/12/15/17/20m. Ef myndin prentast vel má sjá í toppinn á Hustler 6-BTV sem er lóðrétt loftnetsstöng með gildrum (neðst á myndinni til vinstri). Hún vinnur á 10/15/20/30/40/80m. Ljósmynd: TF2JB.

Báðar fjarskiptastöðvarnar eru nú tölvu- og nettengdar. Uppsetning á skjáum og lykklaborðum miðast við að þau sé í beinni línu við þann sem stundar fjarskiptin. Báðar tölvurnar hafa verið færðar niður á gólf og eru staðsettar við fjarskiptaborðin; annars vegar á sérstakri heimasníðaðri upphækkun og hins vegar á sérstökum gólfæti Dell tölvuframleiðandans. Höfuðtöl með hljóðnemasþöng eru nú hengd á sérstaka festingu (til hægri á borðhillu) til geymslu þegar þau eru ekki í notkun, sem eykur vinnupláss. Þá má geta þess, að settir voru upp „geymsluvasar“ úr plexíglari fyrir handbækur stöðvanna (*e. manuals*). Handbækurnar eru nú innan seilingar og þarf ekki lengur að standa á fætur til að nálgast þær. Loks má geta um laust skilrúm (eina og hálfu einingu) sem sett var upp mitt á milli fjarskiptaborðanna. Skilrúmið veitir mikilvæga hljóðeinangrun á milli fjarskiptaborðanna (t.d. í keppnum). Hálfu einingin er að auki hreyfanleg í 180°.

2.1 Fjarskiptaborð-A

Þar er til staðar Yaesu FT-1000MP 100W HF sendi-/móttökustöð með innbyggðan aflagjafa ásamt Yaesu SP-8 hátalara. Við stöðina eru tengd Heil Quiet Phone Pro höfuðtöl (með hljóðnemasþöng) og má velja á milli þeirra og Yaesu MH-31B8 handhljóðnema; LP-100 Digital Vector RF afl-/standbylgjumælir frá N8LP er sítengdur við stöðina, auk: Navigator viðmót frá U.S. Interface; stillir (*e. controller*) fyrir SteppIR 3E loftnetið; „Tuning Relay“ frá

N8LP (frátengir RF magnara þegar SteppIR loftnetið er í stilliham); stillir fyrir AlfaSpid rótorinn frá Alfa Radio; Ten-Tec 238B loftnetsaðlögunarrás, með innbyggðum fjórföldum loftnetaskiptara og afl-/standbylgjumæli; Bencher BY-1 tvíspáðalykill (*e. paddles*) og Kent handmorslykill. Við stöðina er tengd Asus 6-MTA PC-tölva og 21" LG flatskjár.

2.2 Fjarskiptaborð-B

Þar er til staðar Kenwood TS-2000, sendi-/móttökustöð fyrir HF/VHF/UHF sviðin ásamt Kenwood SP-23 hátalara. Sendiafl er 100W á HF/VHF og 50W á UHF. TS-2000 er tengd við PS-1330 13.8V/24A aflgjafa frá HQ Power; Heil Gold line Pro borðhljóðnema; heyrnar-tól frá Telex og fjölstilli (*e. elevation Azimuth Dual Controller*) sem tengt er við G-5400B sambyggðan rótor frá Yaesu. Við stöðina er tengd Dell 566 PC-tölva og 14" flatskjár. Á sama borði er Yaesu FT-4700RH, sambyggð FM sendi-/móttökustöð fyrir 2 metra og 70 cm böndin. Sendiafl er 50W (VHF) og 40W (UHF). Stöðin deilir aflgjafa með TS-2000 stöðinni. Loftnet fyrir FT-4700RH stöðina er heimasníðaður J-póll frá TF3VS fyrir 2 m og 70 cm.



Fjarskiptaborð-B. Síðan myndin var tekin, hefur bæst við Kenwood SP-23 hátalari, Kent tveggja spáða morselykill og Kent handmorselykill, auk þess sem Yaesu FT-4700RH stöðin er nú fest undir hylluna lengst til vinstri (undir undir borðlampanum).

Félagið á Harris 110 RF magnara fyrir SSB, CW og FSK tegundir útgeislunar. Hann er staðsettur lengst til vinstri í herberginu, þ.e. vinstra megin við fjarskiptaborð-A (sjá mynd í byrjun greinarinnar). Magnarinn er búinn 4CX1500B útgangslömpum og getur gefið út allt að 1kW í tíðnisviðinu frá 1.8 til 30 MHz.

Magnarinn er af AM-3924A gerð ásamt AN/URT-23A(V) og PP-3916A/UR aflgjafa. Tækinu fylgir heimasníðað stöðvarviðmót (*e. transceiver interface*). Magnarinn er settur upp til tengingar við FT-1000MP stöðina og notast með Ten-Tec aðlögunarrásinni (þegar þörf er). Harris RF-magnarinn er á hjólaborði þannig að í raun má færa hann að fjarskiptaborði-B og tengja við TS-2000 stöðina.

2.3 SteppIR 3E Yagi loftnet félagsins

Vart verður hjá því komist að fjalla stuttlega um þá vinnu sem farið hefur í SteppIR 3E loftnet félagsins á starfstímabilinu. Fyrst var blásið til vinnudags þann 30. ágúst og turninn felldur til að skoða AlfaSpid rótorinn sem þá var næstum hættur að vinna. Í annan stað, hittust menn á ný þann 1. nóvember og var þá meðal annars skipt um straumkapal í rótor. Nær þremur mánuðum síðar, þ.e. 20. janúar, féll loftnetið svo af stalli sínum (en skemmdist óverulega) og var í framhaldi tekið í sundur og sett í hús til viðgerðar. Loks, þann 20. mars, var loftnetið sett upp á ný eftir viðgerð.

30. ágúst 2009. Það var hress hópur sem hittist í félagsaðstöðu Í.R.A. að morgni sunnudagsins. Verkefni dagsins var að skoða rótorinn við SteppIR loftnetið sem var nánast hættur að vinna. Yngvi, TF3Y, prófaði fyrst eigin SteppIR stjórnkassa til að ganga úr skugga um að vandinn lægi ekki þar og reyndist svo ekki vera. Turninn var í framhaldi felldur og allt skoðað. Þegar spennan var mæld við rótorinn reyndist hún vera um 20 volt en féll undir álagi í 10 volt. Samkvæmt því var ályktað að snúran sem flutti 24 voltin frá nýkeyptum spennu í fjarskiptaherberginu (24V/6,6A) væri skemmd eða leiddi út. Ýmsar lausnir voru ræddar, en málinu frestað við svo búið og turninn hífdur upp. Það voru þeir TF3GB, TF2JB, TF1JI, TF3PPN, TF3SG, TF3SNN, TF3Y, TF3-Ø33 og TF3-Ø35 sem komu að verkefninu.



Jón Gunnar Harðarson, TF3PPN, vinnur við SteppIR 3E Yagi loftnet félagsins þann 1. nóvember 2009. Ljósmynd: TF2JB.

1. nóvember 2009. Á ný var hist í Skeljanesi vegna SteppIR loftnetsins á sunnudegi, á messutíma. Verkefnið var að ljúka þeirri vinnu við SteppIR loftnetið sem hófst réttum tveimur mánuðum áður. Lagður var og tengdur, nýr straumkapall (4 x 2,5 qm) á milli fjarskiptaherbergisins og AlfaSpid rótorsins. Nýi kapallinn er búinn þykkri varnarkápu. Hann var spenntur eftir nýjum burðarstreng sem strengdur var í nokkurri fjarlægð frá þeim eldri (en fæðilínan og straumsnúran fyrir SteppIR loftnetið deila áfram eldri burðarstreng). Nýtt fyrirkomulag tryggir, að truflanir sem áður voru vegna nálægðar straumkaplanna og fæðilínunnar, eru úr sögunni. Það voru þeir TF3AO, TF3GB, TF3IGN, TF3FIN, TF2JB, TF3PPN, TF3SG og TF3SNN sem komu að verkefninu.

20. janúar 2010. Dagurinn sem SteppIR loftnetið féll af stalli sínum. Þeir sem komu loftnetinu til bjargar voru þeir TF3CY, TF3PPN, TF3SG og TF3SNN og tóku þeir það í sundur og settu inn í kjallara í félagsaðstöðunni. Vel af sér vikið. Netið var að mestu óskemmt, en rispað.

20. mars 2010. Klukkan 10 að morgni laugardagsins var mættur hópur félagsmanna í Skeljanesið. Verkefni dagsins var að reisa á ný SteppIR 3E Yagi loftneti félagsins eftir viðgerð, en festingar við bómu höfðu brotnað og það fallið til jarðar tveimur mánuðum fyrr. Vinnan við samsetningu loftnetsins og uppsetningu gekk að óskum. Það flýtti verulega fyrir að Guðlaugur K. Jónsson, TF8GX, hafði útvegað lyftubíl með körfu. Loftnetið var komið upp, tengt og tilbúið til notkunar klukkan 12:50. Það voru þeir TF3AO, TF3BG, TF3DC, TF3CY, TF3EE, TF3GC, TF8GX, TF3HP, TF3IG, TF3JA, TF2JB, TF3PPN, TF3SG og TF3SNN sem komu að verkefninu.

3. FRAMKVÆMDIR Í SMÍÐAADSTÖÐU

Í umræðum á póstlista félagsins skömmu eftir aðalfund 2009, kom Stefán Þórhallsson, TF3S, fram með tillögu þess efnis að skoðað yrði hvort áhugi væri fyrir að koma upp smíðaaðstöðu í Skeljanesi. Hugmynd Stefáns var kynnt í 3. tbl. CQ TF sem kom út í júní sama ár. Í framhaldi hlaut málið brautargengi og var ákveðið að koma upp vísi að smíðaaðstöðu í sama herbergi og hýsir QSL þjónustu félagsins.



Á myndinni má sjá mælitæki sem Stefán Þórhallsson, TF3S, færði félaginu nýlega að gjöf til nota í nýju smíðaaðstöðunni þann 23. mars 2010 (sjá nánari upplýsingar í Viðauka-B). Ljósmynd: TF2JB.

Þegar ráðist var í framkvæmdir í fjarskiptaherberginu nokkru síðar, var skrifborð sem áður var notað þar fyrir fjarskiptabúnað, flutt á milli herbergja. Umrætt skrifborð er lagt hvítu harðplasti, sem hentar afar vel fyrir not af þessu tagi, t.d. þegar þarf að lóða, bora o.s.frv. auk þess sem það rúmast vel á nýjum stað (beint á móti QSL skápnunum). Síðan voru hyllur við hlið QSL skápsins færðar á hurðarvegg, sem bætti til muna aðgengi að herberginu. Í annan stað, var bókum endurraðað í bókaskáp við gluggavegg og herbergið almennt tekið í gegn, hreinsað og gert snyrtilegt. Þegar þetta er skrifað í maí 2010 er nokkur vinna eftir við uppsetningu smáverkfæra og frágang mælitækja.

Hugmyndin með smíðaaðstöðunni er einkum að menn geti fengið aðstöðu fyrir smærri viðgerðir. Félagsmenn geti komið með stöðvar eða aukahluti á staðinn og fengið leiðsögn hjá þeim sem eru reynslumeiri eða búa yfir sérþekkingu af einhverju tagi. Ákveðnar gerðir stöðva eru t.d. haldnar þekktum „barnasjúkdómum“ sem tiltölulega einfalt er að lagfæra fyrir þann sem þekkir til. Í annan stað, getur verið nokkur vinna að setja krystalsíu í sumar tegundir sendi-/móttökustöðva. Það getur því flýtt mikið fyrir að geta fengið ábendingar frá einhverjum sem t.d. hefur nýlega gert slíka aðgerð á eigin stöð. Þá getur verið áhugavert að mæta á staðinn með eigin aflmæli og bera saman hvaða vísun hann sýnir við tiltekið afl á tilteknum tíðnum [út í gervialag] og bera saman við mæli á staðnum sem vitað er að er réttur. Í tilvikum þegar skipta þarf út íhlut (einum eða fleiri), t.d. í aflgjafa, er ekki ólíklegt að nýr íhlutur kunni að vera til á staðnum sem er mjög þægilegt.

Vetrardagskrá

ERINDISFLUTNINGUR, FLÓAMARKAÐUR, SUNNUDAGSOPNANIR

1. ERINDI

Vetrardagskrá Í.R.A starfsárið 2009-2010 var skipulögð af Guðmundi Sveinssyni, TF3SG, varaformanni félagsins. Að þessu sinni voru alls fimm erindi í boði, myndakvöld og flóamarkaður, auk opnunardaga á sunnudagsmorgnum frá desember út aprílmánuð.

29. október. Erindi Guðmundar Löve, TF3GL. Hann fjallaði um EzNEC loftnetaforritið og notkunarmöguleika þess fyrir radíóamatöra. Forritið er hannað af Roy W. Lewallen, W7EL. Erindið var mjög fróðlegt og spunnust áhugaverðar umræður á eftir.

26. nóvember. Erindi Kristjáns Benediktssonar, TF3KB. Hann fjallaði um alþjóðasamstarf, skipulag alþjóðasamtaka radíóamatöra og aðild Í.R.A. að því starfi. Erindið var yfirgripsmikið og fróðlegt og fóru fram áhugaverðar umræður á eftir.

18. janúar. Erindi Ara Þórs Jóhannessonar, TF3ARI. Hann fjallaði um hvernig hægt er að tengjast sendi-/móttökustöð [til dæmis] í heimahúsi á Íslandi gegnum tölvu yfir netið og nota stöðina óáreittur, þrátt fyrir að vera [til dæmis] staddur í útlöndum. Erindið var áhugavert og í lok þess fékk Ari margar fyrirspurnir sem hann svaraði greiðlega.

11. febrúar. Erindi Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW og Yngva Harðarsonar, TF3Y. Þeir fjölluðu um DX keppnir og DX leiðangra. Sigurður sýndi m.a. kvikmynd sem hann gerði um eigin ferð (og fleiri norrænna leyfishafa) til Banaba eyju í Kyrrahafi (T33R og T22T). Erindið var mjög áhugavert og svöruðu þeir félagar mörgum fyrirspurnum.



Frá erindi Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW og Yngva Harðarsonar, TF3Y þann 11. febrúar. Erindið var mjög vel sótt og mættu alls 33 leyfishafar í Skeljanesið til að hlusta á þá féлага þetta kvöld. Ljósmynd: Jón Svavarsson, TF3LMN.

11. mars. Erindi Halldórs Guðmundssonar, TF3HZ. Hann fjallaði um um stafrænar mótanir í fjarskiptum radíóamatöra og lagði megináherslu á JT65A mótunaraðferðina. Erindið var mjög fróðlegt og svaraði Halldór mörgum fyrirspurnum. Sjá PowerPoint glærur á heimasíðu.

2. FLÓAMARKAÐUR

Árlegur flóamarkaður Í.R.A. var haldinn sunnudaginn 11. apríl. Um 30 félagsmenn og gestir lögðu leið sína í Skeljanesið á milli kl. 10-12. Í boði var ýmislegt "girnilegt" amatördót, s.s. loftnet, viðtæki, mælitæki, sveiflusjár (og aukahlutir af ýmsum gerðum), íhlutir, s.s. stórir hverfiþéttar og fleira nytsamlegt.



Frá einu borðanna á flóamarkaðnum þar sem í boði voru íhlutir og smádót af ýmsu tagi. Ljósmynd: TF2JB.

3. MYNDAKVÖLD

Eitt myndakvöld var haldið 25. mars. Sýnd var m.a. ný vídeómynd sem félagið festi kaup á frá ARRL um K5D DX leiðangurinn til Desecheo eyju sem farin var 12.-26. febrúar 2009. Alls voru höfð 115.787 QSO frá K5D, m.a. mörg við stöðvar hér á landi.



Myndin sýnir þátttakendur í K5D leiðangrinum þegar þeir tóku við viðurkenningu frá SouthWest Ohio DX Association sem "DX leiðangur ársins 2009".

Útgáfumál

SÍÐFRÆÐI OG SAMSKIPTASIÐIR RADÍÓAMATÖRA, CQ TF, MIÐLAR

1. RITIÐ SÍÐFRÆÐI OG SAMSKIPTASIÐIR RADÍÓAMATÖRA

Þýðing Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS, á ritinu „Ethics and operating procedures for the radio amateur“ er merkur áfangi í amatörradíói á Íslandi. Á íslensku hefur það hlotið heitið „Síðfræði og samskiptasiðir radíóamatöra“. Ritið er samtals 70 blaðsíður að stærð og var prentað á vegum Í.R.A. hjá Prentsmiðjunni Odda. Vilhjálmur tók á móti fyrsta eintakinu í prentsmiðju 13. ágúst 2009.

Ritið er tiltölulega nýlega komið fram og var fyrst birt á vefnum árið 2008. Höfundarnir eru John Devoldere, ON4UN (m.a. þekktur meðal radíóamatöra fyrir tæknilega færni sína og virkni, einkum á lægri böndunum) og Mark Demeuleneere, ON4WW.

Að sögn Vilhjálms, hafði Þorvaldur Stefánsson, TF4M, séð ritið og bent á að þarna væri þarft kennsluefni fyrir radíóamatöra um hvernig eigi að bera sig að og halda uppi fjarskiptum í loftinu með þeim hætti sem amatörar hafa sjálfir þróað og telja almennt góðar venjur í fjarskiptasamböndum sínum.

Þorvaldur mun hafa haft samband við Vilhjálm og það varð úr að hann tók að sér að þýða ritið á íslensku. Þess má geta, að IARU hefur mælt með því við landsfélög radíóamatöra að þetta efni verði notað til kennslu fyrir þá sem undirbúa sig fyrir próf til amatörréttinda. Að sögn Vilhjálms vann hann þýðinguna í frítímum og tók verkefnið nokkra mánuði.

Stjórn Í.R.A. samþykkti á öðrum fundi á nýju starfsári þann 7. júlí 2009, að félagssjóður myndi kosta prentun ritsins og það yrði afhent frítt til skuldlausra félagsmanna.



Tekið á móti fyrsta eintakinu í prentsmiðju. TF3SG, Jón Orri Guðmundsson, viðskiptastjóri Odda, TF3VS, TF2JB og TF3EE. Ljósmyndir: TF3LMN.



Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, flettir fyrsta eintakinu.



Fyrstu þrjú kassarnir á leið út í bíl. Frá vinstri: TF3EE, TF3VS og TF3SG.

2. FÉLAGSBLAÐIÐ CQ TF

Kristinn Andersen, TF3KX, tók við embætti ritstjóra CQ TF við upphaf starfsársins. Hann gerði strax verulegar útlitsbreytingar á blaðinu sem hafa heppnast frábærlega vel og hefur mikil ánægja verið með blaðið á meðal félagsmanna.

Fjögur tölublöð komu út á tímabilinu, sbr. upplýsingar í meðfylgjandi töflu. Mikill áhugi hefur verið á að skrifa í blaðið og á yfirstandandi starfsári létu 26 félagsmenn efni af hendi rakna rakna til blaðsins.

CQ TF er gefið út á stafrænu formi á heimasíðu félagsins og prentað á pappír í svart/hvítu. Um þessar mundir er til skoðunar, hvort mögulegt reynist að prenta kápu blaðsins í lit (en innsíður verði áfram í svart/hvítu).



Tafla 4. Yfirlit yfir útgáfu CQ TF 2009-2010.

TÖLUBLAÐ	FJÖLDI BLS.	ÚTKOMUMÁNUÐUR
3. tbl. 2009	36	júní
4. tbl. 2009	54	október
1. tbl. 2010	54	febrúar
2. tbl. 2010	48	apríl

3. MIÐLAR, UPPLÝSINGAKERFI

Guðmundur Löve, TF3GL, ritari félagsins, lagði fram á stjórnarfundi 8. janúar tillögu til kynningar að heildarsýn fyrir upplýsingakerfi Í.R.A. Samantekt hans varðar: (1) www.ira.is og hugsanlega stofnun sérstaks ritstjóraembættis síðunnar; (2) spjall.ira.is og irapostur@yahoogroups.com; og (3) Google Docs og Gmail á léni félagsins, ira.is.

Hann leggur m.a. til að stofnað verði ritstjóraembætti vefmiðla Í.R.A., sem í dag eru vefurinn www.ira.is og spjallþráðavélin spjall.ira.is. Ritstjóraembættið er fyrst og fremst hugsað efnislegs eðlis (þ.e. „strúktúr“ og innihald), en ekki starf kerfisstjóra (þar sem TF3HR, TF3CY og fleiri hafa lagt gjörva hönd á plóg).

Hvað varðar „www.ira.is“, fjallar Guðmundur um aðalvef, námsefnisvef, stjórnarvef og aðra vefi. Hann fjallar einnig um kosti og ókosti „spjall.ira.is“ og „irapostur“. Loks fjallar hann um Google Apps, þ.e. um Google Mail og Google Documents. Reiknað er með að gert verði nánari grein fyrir tillögum Guðmundar innan tíðar. Að öðru leyti er vísað í fundargerð stjórnarfundar 8. janúar 2010 sem fylgir í viðauka með skýrslu þessari.

Í apríl- og maímánuðum 2010 hefur Sveinn Bragi Sveinsson, TF3SNN, unnið að breytingum á útliti heimasíðunnar, svo og að einföldun hennar. Veftréf hefur verið lagfært og ýmsar mikilvægar upplýsingar færðar saman. Helsta útlitsbreytingin sem menn taka eftir er líklega breyting síðunnar úr tveimur dálkum í þrjá sem er mikil framför og gefur aukna möguleika í uppsetningu síðunnar jafnframt því að auka miðlunargildi.

TF útileikar og vitahelgin

TF ÚTILEIKAR, VITAHELGIN, CQ WW 160 METRA KEPPNIN Á SSB

1. TF ÚTILEIKARNIR 2009

TF útileikarnir voru haldnir í 31. sinn um verzlunarmannahelgina 2009; 1.-3. ágúst. Alls skiluðu 20 leyfishafar inn radiódagbókum sem er töluvert betri árangur samanborið við fyrra ár þegar bárust 15 dagbækur. Sigurvegari TF útileikanna árið 2009 var Henry Arnar Hálfðansson, TF3HRY og hlaut hann samtals 755.200 punkta. Fyrir þennan árangur hlaut hann til eignar áritaðan verðlaunaskjöld, sem veittur er stigahæsta þátttakandanum hverju sinni. Efstir í ER-flokki (stöðvar án tengingar við rafveitu) voru TF3HRY, TF3KX og TF3DX en efstir í RA-flokki (stöðvar tengdar rafveitu) voru TF3BNT, TF2JB og TF3SG. Að auki hlutu allir sem skiluðu inn radiódagbókum viðurkenningar fyrir þátttöku.



Frá vinstri: Kristinn Andersen, TF3KX; Jónas Bjarnason, TF2JB; Ársæll Óskarsson, TF3AO, Sigurður Óskarsson, TF2WIN; Guðmundur Sveinsson, TF3SG; Henry Arnar Hálfðánarson, TF3HRY; og Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA. Ljósma.: TF3LMN.

Viðurkenningarskjöl TF útileikanna voru sem fyrr útbúin af Brynjólfi Jónssyni, TF5B. Þeir sem aðstoðuðu við yfirferð dagbóka voru Bjarni Sverrisson, TF3GB; Guðmundur Sveinsson, TF3SG; og Óskar Sverrisson, TF3DC.

2. VITA- OG VITASKIPAHELGIN 2009

Vita- og vitaskipahelgin var haldin dagana 15.-16. ágúst 2009. Líkt og mörg fyrri ár, var farið að Knarrarósvita við Knarrarós í Árnassýslu (austan Stokkseyrar). Vitinn, sem var byggður árið 1939, er 26 metra hár og frá honum er auðvelt að strengja margskonar víralofnet og koma fyrir VHF/UHF loftnetum í góðri hæð. Sveinn Bragi Sveinsson, TF3SNN, stöðvarstjóri, hafði umsjón með vitahelginni í ár. Að venju komu radióamatörar saman við vitann um vitahelgina, gerðu ýmsar prófanir á loftnetum (m.a. tengdum í flugdreka) og tækjum og höfðu sambönd við aðrar „vitastöðvar“ víðs vegar um heiminn.



TF1IRA var starfrækt á Vítu- og vítaskipahelginni 2009 úr tjaldi félagsins við Knarrarósvítu. Frá vinstri (fjær): Guðlaugur K. Jónsson, TF8GX; Sveinn Guðmundsson, TF3T og Guðmundur Sveinsson, TF3SG; (næst) Bjarni Sverrisson, TF3GB; og Sveinn Bragi Sveinsson, TF3SNN. Ljósmynd: Jón Svavarsson, TF3LMN.

3. CQ WW 160 METRA CW KEPPNIN 2010

Óskar Sverrisson, TF3DC og fleiri stóðu fyrir starfrækslu TF3IRA í CQ World Wide 160 metra CW keppninni sem fram fór 29.-31. janúar. Auk Óskars komu að þátttöku og undirbúningi:



Óskar Sverrisson, TF3DC, við tækin í CQ WW 160 metra CW keppninni frá TF3IRA. Yngvi Harðarson, TF3Y og Stefán Arndal, TF3SA, fylgjast með. Ljósmynd: TF3JA.

Yngvi Harðarson, TF3Y; Bjarni Sverrisson, TF3GB; Stefán Arndal, TF3SA; Jón Þóroddur Jónsson; TF3JA, Sveinn Guðmundsson, TF3T og Guðmundur Sveinsson, TF3SG.

Í keppninni var notast við svokallað „L loftnet á hvolfi“, sem Guðmundur Sveinsson, TF3SG, lánaði. Skilyrði voru ekki sérstök, en samt sem áður náðust rúmlega 500 QSO.

Námskeið

NÁMSKEIÐ TIL AMATÖRPRÓFS, MORSENÁMSKEIÐ, MORSEÆFINGAR

1. NÁMSKEIÐ TIL AMATÖRPRÓFS

Námskeið til amatörprófs var haldið á vegum Í.R.A. veturinn 2009-2010. Það hófst 22. október og lauk með prófi á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar þann 23. janúar. Alls sóttu 24 nemendur námskeiðið; af þeim mættu 21 til prófs sem var haldið 23. janúar. Alls náðu 19 þeirra fullnægjandi árgangri, ýmist til N eða G leyfis. Prófað var í rafmagns- og radiótækni, viðskiptaháttum og reglum. Prófnefnd Í.R.A. sá um framkvæmd prófsins fyrir hönd Póst- og fjarskiptastofnunar.

Námskeiðið var undirbúið og í traustri skólastjórn Hrafnkels Eiríkssonar, TF3HR. Hrafnkeli til aðstoðar við kennslu voru þeir Andrés Þórarinnsson, TF3AM; Haukur Konráðsson, TF3HK; Hörður Mar Tómasson, TF3HM; Kristinn Andersen, TF3KX; Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX; og Þór Þórisson, TF3GW. Kennnt var tvö kvöld í viku, tvær klukkustundir í senn, og að þessu sinni lagði Flensborgarskóli í Hafnarfirði félaginu til húsnæði og aðstöðu fyrir námskeiðið.

Vegna félaga í íslensku rústabjörgunarsveitinni sem fóru til Haiti og gátu hvorki lokið námskeiðinu né tekið þátt í prófinu 23. janúar, skipulagði Hrafnkell aukatíma fyrir þá í lok marsmánaðar og byrjun apríl. Í framhaldi var haldið próf á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar (í framkvæmd prófnefndar Í.R.A.) þann 10. apríl. Það próf var auglýst opinberlega og öllum opið. Alls sátu níu nemendur prófið; af þeim náðu sjö fullnægjandi árgangri ýmist til N eða G-leyfis.



Hrafnkell Eiríksson, TF3HR, annaðist skólastjórn námskeiðs Í.R.A. til amatörprófs. Ljós.: TF3G.

2. MORSENÁMSKEIÐ

Morsenámskeið á vegum Í.R.A. hófst 1. september og var kennt í félagsaðstöðunni við Skeljanes. Axel Sölvason, TF3AX, annaðist kennslu. Alls sátu 12 nemendur námskeiðið. Hlé var gert á aðventunni en haldið af stað á ný eftir áramót með hraðaæfingar. Þriðji hluti námskeiðsins hófst síðan 25. mars og stóð fram yfir páska.



Axel Sölvason, TF3AX, ásamt nemendum 1. september. Ljós.: TF3LMN.

3. MORSEÆFINGAR TF3IRA

Útsending morsæfinga frá TF3IRA hófst 22. nóvember. Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA, stóð fyrir verkefninu ásamt Guðmundi Sveinssyni, TF3SG og var sent út á tíðninni 3710 kHz. Miðað var við útsendingar fimm daga vikunnar. Útsendingar fóru fram með nokkrum hléum fram að páskum 2010.



Frá samsetningu SteppIR Yagi loftnetsins 20. mars 2010. Frá vinstri: Halldór Christensen, TF3GC; Óskar Sverrisson, TF3DC; Guðlaugur K. Jónsson, TF8GX; og Ársæll Óskarsson, TF3AO. Neðri mynd: SteppIR loftnetið aftur komið upp. Ljós.: TF2JB.



Ný tíðnisvið: 500 kHz og 70 MHz

NÝJAR TÍÐNIHEIMILDIR: 500 kHz, 70 MHz, 1850-1900 kHz

Á aðalfundi Í.R.A. 2009 var samþykkt að vísa til stjórnar félagsins, að sækja um aðgang til Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir íslenskra leyfishafa að 500 kHz tíðnisviðinu og 70 MHz tíðnisviðinu. Í samræmi við samþykkt aðalfundar, sendi stjórn félagsins erindi til stofnunarinnar þess efnis þann 13. janúar 2010.



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

1. Heimild til notkunar á 500 kHz (600 metrum)

Félaginu barst svarbréf Póst- og fjarskiptastofnunar þann 19. febrúar. Stofnunin heimilar tímabundna notkun á 493-510 kHz í tilraunaskyni með eftirfarandi skilyrðum: Tíðnisviðið er einvörðungu er heimilað fyrir A1A tegund útgeislunar. Hámarks útgeislað afl er 100W. Heimildin gildir til 31.12.2010. Hvorutveggja N og G-leyfishafar hafa aðgang að tíðnisviðinu. Þeir leyfishafar sem hafa hug á að vinna á umræddum tíðnum þurfa að sækja sérstaklega um það til stofnunarinnar á netfangið: hrh@pfs.is eða pfs@pfs.is. Sjá nánar grein um 500 kHz tíðnisviðið á bls. 18 í 2. tbl. CQ TF 2010.

2. Heimild til notkunar á 70 MHz (4 metrum)

Félaginu barst svarbréf Póst- og fjarskiptastofnunar [einnig] þann 19. febrúar. Stofnunin heimilar tímabundna notkun á 70.000-70.200 MHz í tilraunaskyni með eftirfarandi skilyrðum: Hámarks bandbreidd er 16 kHz (engin skilyrði hvað varðar tegund útgeislunar). Hámarks útgeislað afl er 100W. Heimildin gildir til 31.12.2010. Hvorutveggja N og G-leyfishafar hafa aðgang að tíðnisviðinu. Leyfishafar sem hafa hug á að vinna á umræddum tíðnum þurfa að sækja sérstaklega um það til stofnunarinnar á netfangið: hrh@pfs.is eða pfs@pfs.is. Sjá nánar grein um 70 MHz tíðnisviðið á bls. 22 í 2. tbl. CQ TF 2010.

3. Heimild til notkunar á 1850-1900 kHz tíðnisviðinu

Félaginu barst svarbréf Póst- og fjarskiptastofnunar dags. 25. janúar (við erindi okkar dags. 10. janúar 2010), þar sem PFS heimilar íslenskum leyfishöfum notkun tíðnisviðsins 1850-1900 kHz í alþjóðlegum keppnum á árinu 2010. Tekið er fram, að heimildin sé veitt með fullu samþykki Vaktstöðvar siglinga sem hafi rétt til notkunar nokkurra tíðna í þessu tíðnisviði. Þá er tekið fram, að um þessa notkun gildi sömu kröfur og gilda fyrir tíðnisviðið 1900-2000 kHz í reglugerð. Um er að ræða hliðstæðar heimildir og veittar voru fyrir árin 2007 og 2008 (en ekki var sótt um heimild fyrir árið 2009).

4. Um 5 MHz (60 metra bandið)

Í erindi félagsins dags. 13. janúar til Póst- og fjarskiptastofnunar var jafnframt sótt um heimild fyrir íslenska leyfishafa til að stunda fjarskipti á 70.0-70.5 MHz í stað núgildandi takmarkandi rásaskiptrar heimildar. Svar hafði ekki borist frá stofnuninni þegar þetta er skrifað um miðjan maí 2010.

Ný gögn til félagsmanna

GÖGN TIL NÝRRA FÉLAGMANNA, QSL SKILAGREINAR O.FL.


1. GÖGN TIL NÝRRA FÉLAGSMANNA

Á stjórnarfundum þann 7. júlí var samþykkt tillaga þess efnis, að unnið verði að því að taka saman kynningarefni um félagið og starfsemi þess. Gögnin verði síðan til afhendingar hverjum nýjum félagsmanni. Nokkurn tíma tók að þróa verkefnið því meðal annars þurfti að semja texta um starfsemi félagsins. Verkefnið var unnið innan stjórnar og lauk þeirri vinnu upp úr áramótum. Fyrsta umslagið var afhent nýjum félagsmanni þann 10. mars.

Gögnin, sem nú eru afhent hverjum nýjum félagsmann, eru: (1) Ávarpsbréf⁸; (2) ritið Siðfræði og samskiptasiðir radióamatöra; (3) lög Í.R.A.; (4) límrúðumerki með félagsmerki Í.R.A.; (5) reglugerð um starfsemi radióáhugamanna nr. 348/2004, ásamt upplýsingum um þau tíðnisvið sem breytingum hafa tekið frá útgáfu hennar, þ.e. upplýsingar um 7.100-7.200 MHz og um tímabundnar heimildir á 500 kHz, 5 MHz og 70 MHz; og (6) grein um QSL kort eftir Bjarna Sverrisson, TF3GB. Verkefnið er hugsað til áframhaldandi þróunar, en viðtökur nýrra félagsmanna hafa verið mjög jákvæðar.

2. QSL SKILAGREINAR

Á stjórnarfundum þann 29. október var kynnt og samþykkt tillaga þess efnis, að frá 1. janúar 2010 verði þess farið á leit við félagsmenn (sem eru notendur QSL þjónustunnar) að þeir láti fylgja einfalda skilagreina með QSL kortum til þjónustunnar. Á skilagreininni komi fram: Dagsetning, kallmerki, fjöldi korta og sú fjárhæð sem látin er fylgja kortunum. Miðað er við að kort og skilagrein séu síðan sett í A-5 pokaumslag og að umslögum sé skilað í móttökukassa fyrir QSL kort í félagsaðstöðunni. Ef vill, má setja umslagið í póst en þá greiðir félagsmaður póstburðargjald. Til þæginda, eru fyrir hendi áprentuð A-5 umslög með áletruninni: *ÍRA QSL Bureau, pósthólf 1058, 121 Reykjavík*. Hvorutveggja, skilagreinar og umslög eru ókeypis fyrir félagsmenn og til afhendingar í félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Félagsmenn búsettir úti á landi (eða þeir sem ekki eiga þess kost að mæta í félagsaðstöðuna á opnunartímum) geta fengið skilagreinar og umslög send í pósti með því að senda tölvupóst til QSL stjóra. Þetta fyrirkomulag hefur líkað afar vel og er umsagnir þeirra sem senda kort gegnum kortastofunna allar á einn veg, þ.e. að þessi gögn séu komin til að vera.



⁸ Ávarpsbréfið er tæpar tvær blaðsíður að lengd í A4 stærð. Í því er stutt kynning í fimm málsgreinum. (1) Kynning á félagsaðstöðunni í Skeljanesi, m.a. hvenær hún er opin og hvaða starfsemi fer þar fram. (2) Skýrt er frá miðlum félagsins (CQ TF, heimasíðu og póstlista) og námskeiðahaldi. (3) Undir fyrirsögninni „Önnur starfsemi“ er skýrt frá TF útileikunum, Vita- og vitaskipahelginni, flóamarkaði og vetrarstarfsemi. (4) Fjallað eru um endurvarpa á 2 metra bandinu sem félagsmönnum standa til boða, radióvitanum TF1SIX og innanlandstíðunni á 80 metrunum. (5) Að lokum er kynnt í stuttu máli að félagið aðili að norrænum og alþjóðasamtökum landsfélaga radióamatöra ásamt því að nýr félagi er hvattur til þátttöku í félagsstarfinu. Í lok bréfsins er listi yfir stjórn og embættismenn félagsins. Bréfið er vistað í Viðauka-B með skýrslu þessari.

4. UNNIÐ ÚR QSL KORTUM TF3IRA

Í gegnum árin hafa safnast upp QSL kort til félagsstöðvarinnar, TF3IRA. Einnig er mikið til af kortum á önnur kallmerki sem notuð hafa verið af félaginu við hin ýmsu tækifæri, líkt og t.d. TF3W sem er notað hefur verið í keppnum. Í samráði við Svein, TF3SNN, stöðvarstjóra, var nýverið ákveðið að leita til Mathíasar Hagvaag, TF3-Ø35, um að taka að sér það verkefni að koma kortaeygn félagsins í það horf, að hægt verði að sækja um helstu viðurkenningarskjöl radióamatöra. Í þessu sambandi hafa menn til dæmis haft í huga DXCC, WAS, CQ DX Award, WAZ og WPX.



Mathías Hagvaag, TF3-Ø35, að störfum í QSL herbergi í félagsstöðunni. Ljósmynd: TF3LMN.

Mathías hefur verið félagsmaður í Í.R.A. í tæp 35 ár. Hann var QSL Manager Í.R.A. frá 1983-1988 og hefur m.a. setið í varastjórn félagsins. Mathías var QSL Manager fyrir TF4F og TF6M leiðangrana og fyrir TF3SV (sk). Hann hóf að starfa við verkefnið í byrjun september og áætlar að ljúka því fyrir aðalfund 2010.

5. ENDURVARPAR

TF3RPA fékk nýtt loftnet 8. Desember 2009. Endurvarpsstöðin er staðsett á Skálafelli hefur virkað vel síðan. TF3GS og TF3JA sáu um verkefnið. Endurvarpinn TF3RPC var fluttur úr Espigerði að Austurbrún í Reykjavík 7. janúar og hefur virkað ágætlega síðan, miðað við að hann notast við bráðabirgðaloftnet í nýju QTH. TF3WS sá um verkefnið. Ný tíðni TF3RPC frá sama tíma er 145.775 MHz (í stað 145.750 MHz áður).



TF3RPC er búinn endurvarpsstöð er af gerðinni Kenwood TKR-750.


Viðurkenningarskjöl frá ARRL og CQ

AUÐVELDARA AÐ SÆKJA UM VIÐURKENNINGARSKJÖL FRÁ ARRL OG CQ

Íslenskir radíóamatörar hafa hingað til þurft að senda QSL kort til Bandaríkjanna hafi þeir haft áhuga á að sækja um viðurkenningarskjöl frá ARRL eða CQ Magazine. Breyting varð á þessu fyrirkomulagi í nóvember 2008 annarsvegar, og apríl 2009 hinsvegar, þegar ARRL og CQ skipuðu trúnaðarmenn hérlendis (sjá upplýsingar neðar). Það hefur í för með sér að umsóknarferlið er einfaldað, þar sem íslenskur leyfishafi þarf nú aðeins að fylla út umsóknareyðublað og afhenda, ásamt kortunum, þ.e. hvorutveggja er yfirfarið hér á landi og trúnaðarmaður sér um að pósthleggja umsókn.⁹



Þetta fyrirkomulag sparar bæði útgjöld og tíma. Kostnaður við að send 100 kort með flugpósti í ábyrgð til Bandaríkjanna (fram og til baka) er á bilinu 7000-9000 krónur.¹⁰ Mörgum þykir þó mest um vert að ekki þarf að senda QSL kortin vestur um haf. Sá möguleiki er ávallt til staðar að sendingin kom ekki fram, en oft getur verið um að ræða kort sem ómögulegt er að fá endurnýjuð, t.d. þegar um er að ræða mjög sjaldgæft land, leyfishafi er SK („silent key) eða land er ekki lengur til.



Radíóamatörum bjóðast a.m.k. 3000 viðurkenningarskjöl sem vitna um árangur þeirra í fjarskiptum.¹¹ Á meðal DX-manna um allan heim nýtur DXCC viðurkenningarskjalið mestra vinsælda. Það er gefið út af DX Century Club sem stofnaður var á árinu 1937 og er í umsjón ARRL. Radíóamatörar sem uppfylla lágmarkskröfur sem eru, að hafa staðfest sambönd við a.m.k. 100 DXCC lönd/einingar¹² geta sótt um aðild og fengið útgefið áprentað viðurkenningarskjál sem hvert um sig er dagsett og

sérstaklega númerað. Að flestra mati, nýtur WAZ viðurkenningarskjalið þó mestrar virðingar. Það er gefið út af CQ tímaritinu og hefur verið í boði frá árinu 1945 og er í umsjá viðurkenningastjóra blaðsins. Radíóamatörar sem uppfylla lágmarkskröfur, sem eru að hafa staðfest sambönd við a.m.k. eina stöð í sérhverju hinna 40 skilgreindra landssvæða heimsins

⁹ Til skýringar: ARRL og CQ Magazine taka gild sambönd sem eru staðfest með QSL korti, hvort heldur er á pappír eða rafrænt. ARRL tekur þó aðeins gild rafræn sambönd sem staðfest eru á LoTW („Logbook of the world“) og CQ Magazine tekur aðeins gild rafræn sambönd sem staðfest eru sem „eQSL's“ (þ.e. „registered eQSL's“).

¹⁰ Kostnaður fer eftir því hvort valið er að senda kortin sem smáböggul eða bréf í ábyrgð. Heimild: Íslandspóstur 28.4.2010.

¹¹ Heimild: Ted Melinosky editor *K1BV DX Awards Directory*. <http://www.dxawards.com/onlineaccess.htm>.

¹² Þess má geta til skýringar að hugtakið „DXCC land“ er í rauninni ekki til lengur sem slíkt vegna þess að það var lagt niður við endurskoðun landalistans árið 1998. Þess í stað var tekið upp hugtakið „DXCC entity“. Þessi breyting er af ýmsum ástæðum rökrétt enda eru stöðvar líkt og t.d. 4U1ITU hjá Alþjóða Póst- og símamálasambandinu í Genf og 4U1UN í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York ekki sérstök þjóðlönd fremur en t.d. Alaska og Hawaii sem tilheyra Bandaríkjunum. Þótt 10 ár séu liðin frá breytingunni tala flestir amatörar ennþá um „DXCC lönd“.

(zones) geta sótt um viðurkenninguna og fengið útgefið áprentað viðurkenningarskjöl sem hvert um sig er dagsett og sérstaklega númerað. Trúnaðarmennirnir eru: Guðlaugur K. Jónsson, TF8GX,¹³ “ARRL Awards Official Card Checker” og Jónas Bjarnason, TF2JB,¹⁴ “CQ Magazine Awards official checkpoint”. Guðlaugur hlaut skipan í nóvember 2008 og Jónas í apríl 2009. Fyrsta embættisfærsla TF8GX fór fram 12. apríl 2009 er hann tók við umsókn frá TF3G um DXCC og fyrsta embættisfærsla TF2JB fór fram 23. maí 2009 er hann tók við umsókn frá TF8GX um WAZ (sbr. ljósmynd).

Trúnaðarmaður ARRL hefur heimild til að árita umsóknir fyrir [nánast] öll viðurkenningarskjöl, m.a. *DXCC* („DX Century Club Award“); *WAS* („Worked All States Award“); *WAC* („Worked All Continents Award“); og *VUCC* („VHF/UHF Century Club Award“). Trúnaðarmaður CQ Magazine hefur einnig heimild til að árita umsóknir fyrir [nánast] öll viðurkenningarskjöl, m.a. *WAZ* („Worked All Zones Award“); *CQ DX* (“CQ DX Award“); *WPX* („Worked Prefixes Award“); og *CQ USA CA-Award* („USA Counties Award“).



Söguleg stund. Jónas Bjarnason, TF2JB, tekur við fyrstu WAZ umsókninni sem trúnaðarmaður CQ Magazine 23. maí 2009. Umsækjandinn er Guðlaugur K. Jónsson, TF8GX, trúnaðarmaður ARRL á Íslandi. Ljósmynd: Erling Guðnason, TF3EE.

¹³ Póstfang: Bakkavegur 18, 230 Reykjanesbær; heimasími: 421-5040; tölvupóstur: gulli@mitt.is

¹⁴ Póstfang: Sóltún 5a, Hvanneyri, 311 Borgarnes; heimasími: 437-0024; tölvupóstur: jonas@hag.is

Talstöðvasafn Sigga Harðar, TF3WS

SAMGÖNGUSAFNIÐ AÐ SKÓGUM UNDIR EYJAFJÖLLUM

STOFNUN TALSTÖÐVASAFNS AÐ SKÓGUM

Safn fjarskiptatækja og búnaðar sem er hluti af Samgöngusafninu að Skógum var formlega opnað 6. júní 2009. Um er að ræða safn fjarskiptatækja og aukahluta sem Sigurður Harðarson (TF3WS) hefur safnað og afhenti safninu til eignar og varðveislu. Á annað hundrað manns voru viðstaddir opnuna. Meðal ræðumanna voru Sverrir Magnússon framkvæmdastjóri safnsins, Þórður Tómasson safnvörður, Björn Björnsson útlitshönnuður og Sigurður Harðarson sem veitti yfirlit yfir skiptingu safnsins. Meðal gesta voru 19 radióamatörar úr kallsvæðum TF1, TF2, TF3 og TF8, en Sigurður hafði sérstaklega boðið félagsmönnum Í.R.A. að vera viðstaddir og þiggja veitingar. Á eftir ræðum og lófaklappi var gestum boðið til kaffihlaðborðs.

Sigurður hefur, í samráði við safnstjóra, boðið Í.R.A. að sett verði upp amatörstöð í safninu. Hugmyndin er, að sett verði upp ca. 30-40 ára gömul (eða eldri) lampatæki og síðan verði félagsmönnum boðið að koma og virkja stöðina, t.d. nokkrar helgar yfir sumarið. Margar hugmyndir hafa komið fram um kallmerki, s.s. TF1MUS (þar sem „MUS“ stæði fyrir „museum“). Þess má geta, að félaginu stendur jafnframt til boða frí aðstaða fyrir radióvita í safninu.

TIL FJÖLMIDLA

TALSTÖÐVASAFN SIGGA HARÐAR OPNAÐ Í SKÓGUM

Laugardaginn 6. júní n.k. kl. 14 verður opnuð sýning á merkilegu safni bílatalstöðva í Samgöngusafninu í Skógum undir Eyjafjöllum. Það er Sigurður Harðarson, rafendavirki, sem hefur safnað öllum gerðum bílatalstöðva sem notaðar hafa verið á Íslandi, og hann afhendir nú Samgöngusafninu í Skógum safn sitt. Siggi Harðar hefur safnað tækjunum í 40 ár og þau spanna rúmlega 60 ára sögu fjarskipta á Íslandi.

Tækin skipta hundruðum, frá fyrstu Morse-tækjum til gemsa, og koma frá fjallamönnum, lögreglu, björgunarsveitum, rútufyrirtækjum, leigubílum, almannavörnum og áhugamönnum um fjarskiptatækni.

Mörg tækjanna eru virk og á sýningunni má heyra viðskipti á Morsi og tali, m.a. samskipti skipbrotsmanna á togaranum Elliða, sem fórst 10. febrúar 1962, og björgunarmanna þeirra, en upptaka af samtölum þeirra hefur varðveist.

TALSTÖÐVASAFN



frá Sigga Harðar
Saga fjarskipta og þróun talstöðva í farartækjum á Íslandi í 60 ár



Myndin sýnir aðeins hluta safnsins í uppsetningu.

Sagan á bak við safnið

Árið 1957, þá 13 ára gamall, smíðaði Siggi Harðar fyrsta útvarptækniúttak sitt og hefur síðan smíðað mörg tæki og sendistöðvar, þar á meðal stærsta hluta endurvarpskerfa Landsbjargar og Ferðafélagsins 4x4 á Íslandi, þann hlutann sem notar eingöngu sólarorku. Þetta eru yfir 50 sendistöðvar.

Strax í upphafi hefur Siggi mikinn áhuga á fjarskiptatækjum. Eftir að námi leik í rafendavirkun árið 1966 vann hann meira og minna við fjarskiptabúnað ásamt vöggerum á útvarps og sjónvarptækjum.

Á þeim tíma voru gömul tæki geymd, aðallega til að taka úr þeim varahluti, og þannig söfnuðust fyrir tæki strax í upphafi. Þegar fjöldinn jókst varð ljóst að tækin hefðu sögulegt gildi, og með því að halda upp eitt eintak af hverri tegund meisti ná helstæðu safni með tíð og tíma. Sum tækin hafa verið geymd í yfir 40 ár.

Þegar breytingar hafa orðið á fjarskiptatækninni hér á landi, svo sem þegar AM-ráttöðum talstöðvum var skipt út fyrir SSB-ráttöðar 1982, hefur Siggi ávallt haldið eftir eintaki af hverri gerð sem hann hefur komist yfir, stundum með því að komast í geymskur þjónustufyrirtækja sem hafa verið að taka til. Á þann hátt hafa varðveist margar gamlar talstöðvar sem eru nú í þessu safni. Þessi söfnun hefur einnig spurast út í gegnum tíðina og menn hafa gellið gömul eintök.

Elstu tækin eru frá árinu 1945, frá því að fjarskipti voru gefin frjáls á Íslandi eftir stríði. Það hefur komið sér vel við að kunna skil á sögu þessara tækja að Siggi hefur unnið við þjónustu fjarskiptatækja í rúm 40 ár.

Siggi Harðar er einnig Radióamatör og hann hefur starfað í Flugbjörgunarsveitinni frá 16 ára aldri. Vegna þessa m.a. hefur hann ólíast góða yfirsýn yfir fjölbreytta flöru fjarskiptatækja á Íslandi ásamt því að hafa umgengist menn sem hafa reynslu af notkun þeirra.

Nánari upplýsingar veita:

Samgöngusafnið í Skógum, Sverrir Magnússon: skogasafn@skogasafi.is
Siggi Harðar: siggi@radioehti.is

Tækin skipta hundruðum, frá fyrstu Morsetækjum til „gemma“ og koma frá fjallamönnum, lögreglu, björgunarsveitum, rútufyrirtækjum, leigubílum, almannavörnum og áhugamönnum um fjarskiptatækni. Mörg tækjanna eru virk og á sýningunni má m.a. heyra upptökur af viðskiptum á Morsi og tali.



Sigurður Harðarson afhendir Sverri Magnússyni gjafabréf.



Frá vinstri: TF1JI, TF3WS og TF3LMN.



Frá vinstri: TF3GG, TF1JI og TF1EIN.



TF2JB morsaði í lok ræðuhaldanna: "CQ CQ CQ. Velkomin að Skógum. 73 73 73".

Árið 1957, þá 13 ára gamall, smíðaði Siggi Harðar fyrsta útvarpstækið sitt og hefur síðan smíðað mörg tæki og sendistöðvar, þar á meðal stærastan hluta endurvarpskerfa Landsbjargar og Ferðaklúbbbsins 4X4 á Íslandi, þ.e. þann hluta sem notar eingöngu sólarorku. Það eru yfir 50 endurvarpsstöðvar.

Strax í upphafi hafði Siggi mikinn áhuga á fjarskiptatækjum. Eftir að námi lauk í rafeindavirkjun árið 1966 vann hann meira og minna við fjarskiptabúnað ásamt viðgerðum á útvaps- og sjónvarpstækjum. Á þeim tíma voru gömul tæki geymd, aðallega til að taka úr þeim varahluti, og einnig söfnuðust fyrir tæki strax í upphafi. Þegar fjöldinn jókst varð ljóst að tækin höfðu sögulegt gildi, og með því að halda upp á eintak af hverri tegund mætti ná heilstæðu safni með tíð og tíma. Sum tækin hafa þannig verið geymd í yfir 40 ár.

Þegar breytingar hafa orðið á fjarskiptatækninni hér á landi, svo sem þegar AM-mótuðum talstöðvum var skipt út fyrir SSB-mótaðar árið 1982, hefur Siggi ávallt haldið eftir eintaki af hverri gerð sem hann hefur komist yfir, stundum með því að komast í geymslur þjónustufyrirtækja þar sem staðið hefur yfir tiltekt. Á þann hátt hafa varðveist margar gamlar talstöðvar sem nú eru í þessu safni. Þessi söfnun hefur einnig spurst út í gegnum tíðina og menn hafa gefið gömul eintök.

Elstu tækin eru frá árinu 1945, frá því er fjarskipti voru gefin frjálts á Íslandi eftir stríðið. Það hefur komið sér vel að kunna skil á sögu þessara tækja enda hefur Siggi unnið við þjónustu fjarskiptatækja í rúm 40 ár. Siggi Harðar er einnig radíóamatör (TF3WS) og hefur starfað í Flugbjörgunarsveitinni frá 16 ára aldri.

Byggðasafnið í Skógum var formlega stofnað árið 1949. Hinn 20. júlí 2002 var opnað nýtt sýningarhús í Skógasafni, Samgöngusafnið í Skógum. Safnið er eina safn sinnar tegundar í landinu og hlutverk þess er söfnun, varðveisla og sýning muna og minja um þróun samgangna á landsvísu.

Viðauki-A

Fundargerðir stjórnar starfsárið 2009-2010

Fundur nr. 1/2009	2. júní
Fundur nr. 2/2009	7. júlí
Fundur nr. 3/2009	11. ágúst
Fundur nr. 4/2009	27. september
Fundur nr. 5/2009	29. október
Fundur nr. 6/2009	26. nóvember
Fundur nr. 7/2010	8. janúar
Fundur nr. 8/2010	16. febrúar
Fundur nr. 9/2010	30. mars
Fundur nr. 10/2010	8. maí



Úr félagsstarfinu. Fyrir utan Skeljanesið í loftnetavinnu 20. mars 2010. Efri mynd: Erling Guðnason, TF3EE og Bjarni Sverrisson, TF3GB. Neðri mynd: Haraldur Þórðarson, TF3HP, Benedikt Sveinsson, TF3CY og Jón Gunnar Harðarson, TF3PPN. Þeir sem snúa baki (og næstum því baki) í myndavélina: Halldór Christensen, TF3GC, Ársæll Óskarsson, TF3AO og Bjarni Sverrisson, TF3GB. Ljósmyndir: TF2JB.



FUNDARGERÐ STJÓRNARFUNDAR Í.R.A. NR. 01/2009
Haldinn 2. júní 2009 kl 21.00 í Skeljanesi í Reykjavík

Mættir: TF2JB, TF3SG, TF3EE, TF3GL, TF3SNN og TF1JI. TF3BJ hafði boðað forföll.

1. Kynning á nýrri stjórn. Formaður TF2JB setti fundinn og bauð nýja stjórn velkomna til starfa. Allir tóku góðan tíma í að kynna sig og þeir stjórnarmenn sem sátu frá fyrra ári kynntu embætti sín (og önnur embætti) eins og haldið var á þeim í tíð fyrri stjórnar.

2. Stjórn skiptir með sér verkum. Stjórnin kom sér saman um eftirfarandi skipan embætta: TF3SG varaformaður, TF3EE gjaldkeri, TF3GL ritari og TF3SNN meðstjórni, auk TF2JB sem var kjörinn formaður á aðalfundi og TF1JI og TF3BJ sem kjörnir voru varamenn. Hefðbundin ábyrgðarsvið embætta haldast, nema hvað varaformaður og gjaldkeri munu saman vinna að gerð ársreiknings.

3. Aðrir embættismenn. Farið var yfir lista núverandi embættismanna:

Prófnefnd	TF3KB, TF3DX, TF3KX, TF3VS, TF8SM
Spjaldskráritari	TF3SNN
Ritstjóri CQ TF	TF3GL (starfandi)
Vefstjóri	TF3GL
Viðurkenningastjóri	TF5B
QSL stjórn	TF3PPN og TF3GB
Stöðvarstjóri TF3IRA	TF3SNN
Póst- og fjarskiptastofnunartengill	TF3GL
Endurvarpar	TF3GS (TF3GW)
IARU-tengill	TF3KB

Engar sérstakar óskir hafa komið fram um tilnefningu til annarra embætta (fyrir utan tilnefningu TF3JA sem var samþykktur í embætti neyðarsjarskiptastjóra) og óskaði TF2JB eftir því við núverandi embættismenn að þeir haldi embættum sínum áfram.

4. Aðalfundur Í.R.A. 23. maí 2009. Samþykkt var að fela fundarritara að ganga frá lokaútgáfu fundargerðar til birtingar í CQ TF, en einhverjar athugasemdir munu hafa borist honum við fyrstu drög, sem sett voru inn á vefinn. Á fundinum var skipuð nefnd til að fjalla um og gera tillögur um hversu langur tími þarf að líða unz stjórnvöld geta endurúthlutað kallmerki. Nefndina skipa TF3JA, TF3KX, TF3HP og TF5B. Formaður TF2JB hefur með höndum samskipti við nefndina, sem á að skila af sér tillögum til næsta aðalfundar.

5. Útgáfumál CQ TF

Síðan ritari TF3GL tók við ritstjórn CQ TF hefur verið leitað að "varanlegum" ritstjóra að blaðinu. Samþykkt að leita til TF3KX í þessum efnum. Munu TF3GL og TF2JB ræða þetta við hann.

6. Önnur mál

- Nettenging.** Rætt var um möguleika á nettengingu í félagsheimilinu, en sömu vandamál og endranær standa í veginum: Einungis ein símalína er í húsinu, og er hún í notkun. Rætt var um hugsanlega 3G-tengingu, en kostnaður af því væri töluverður. Hægt væri að reyna að tengjast gegnum TF3SG, sem býr í nágrenninu. Afgreiðslu málsins var frestað.
- Vetrardagskrá.** TF3SG bryddaði upp á umræðu um sunnudagsopnanir í sambandi við vetrardagskrá. Var það mál manna að vel hefði tekist til í stórum dráttum, og ráð var fyrir gert að halda þessu í vetrardagskránni.

- c. **Eignalisti.** Rætt var um eignalista félagsins og munu TF3SNN og TF1JI taka að sér að koma honum inn á Google Docs-skjalageymslu félagsins.
- d. **Sýning radiótækja.** TF1JI stakk upp á að sett verði upp sýning á gömlum tækjum í samráði við safn Ríkisútvarpsins. Mun hann hafa samband við TF3KB hjá RÚV til að skoða hvort fletir gætu verið á samstarfi við þá um þessi mál.
- e. **Smíðaaðstaða.** TF2JB stakk upp á að sett verði upp smíðaaðstaða í QSL-herberginu. TF2JB og TF3SNN vinna saman í að móta tillögu um hvort eða hvernig þetta yrði gert.
- f. **Námskeiðsmál og nýliðun.** TF3GL tók upp þráðinn með námskeiðshald sem staðið hefur til í vetur en ekki orðið af, og lagði til að málið yrði rætt við prófnefnd. TF2JB mun heyra í prófanefnd um stöðu mála.
- g. **Verkfæri.** TF3SNN sagði vanta verkfæri í félagsaðstöðuna. Samþykkt var að veita TF3SNN innkaupaheimild upp á 20 þúsund krónur til verkfærakaupa.
- h. **Vitahelgin.** Þótt vitahelgin sé ekki formlega á höndum félagsins var ákveðið að félagið muni áfram styðja við viðburðinn. TF3SNN tekur að sér að kanna með vilja félagsmanna með að leggja félaginu lið.
- i. **Neyðarfjarskipti.** TF2JB sagði TF3JA hafa komið að máli við sig og lýst áhuga á málaflokknum. Mun TF2JB ræða þetta nánar við TF3JA og leggja tillögu um útfærslu fyrir komandi stjórnarfund. Skipan TF3JA í embættið að öðru leyti samþykkt.
- j. **Kallmerki með einum staf í viðskeyti.** Ein umsókn liggur fyrir hjá Póst- og fjarskipta-stofnun og bíður umsagnar Í.R.A.. Umsóknin barst í tíð fyrri stjórnar. Aðalfundur 2009 ályktaði um vinnureglur félagsins við úthlutun kallmerkja með einn staf í viðskeyti. Afgreiðsla bíður næsta stjórnarfundar.
- k. **Friedrichshafen.** TF3SG mun mæta fyrir hönd Í.R.A. á 60. ársfund DARC sem haldinn er í tengslum við "Ham Radio 2009" sýninguna í Friedrichshafen í Þýzkalandi. Um er að ræða samkomu boðsgesta DARC frá landsfélögum IARU föstudaginn 26. júní n.k. kl. 16:00 til 17:30 í viðhafnarherbergi sýningarhallarinnar í Friedrichshafen "Room Bodensee". Þar mun dr. Walter, DL3OAP m.a. flytja ávarp. TF3SG lætur félagsmenn vita á vefnum ef einhver vill benda á tiltekin erindi sem félagið ætti að koma á framfæri.

7. Næsti fundur. Rætt var um tímasetningu reglulegra stjórnarfunda og var ákveðið að hafa fundi kl 21.00 fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði. Samþykkt að stjórnin muni ekki taka sumarfrí að þessu sinni og að boðað verði til næsta stjórnarfundar þriðjudaginn 7. júlí n.k.

8. Fundarslit. Fundi slitið kl 23.20.

(Fundargerð ritaði TF3GL).

FUNDARGERÐ STJÓRNARFUNDAR Í.R.A. NR. 02/2009
Haldinn 7. júlí 2009 kl. 21.00 í Skeljanesi í Reykjavík

Mættir: TF2JB, TF3SG, TF3EE, TF3SNN og TF1JI. TF3BJ hafði boðað forföll. Gestur á fundinum var TF3VS vegna dagskrárliðar 6.d og sat hann fundinn frá kl. 21:30 til kl. 21:45.

1. Fundarsetning.

Formaður TF2JB setti fundinn kl. 21:08.

2. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð fundar nr. 1/2009 var lögð fram og samþykkt án athugasemda.

3. Erindi til afgreiðslu frá fyrra fundi/fundum.

Eitt mál bíður afgreiðslu, þ.e. umsókn frá TF4M um úthlutun sérstaks klúbbstöðvarkallmerkis í Otradal. Vegna fjarveru ritara reyndist ekki unnt að ræða málið þar gögn málsins eru í hans vörslu. Málinu frestað. Fundarmenn voru sammála um að hraða ber afgreiðslu málsins.

4. Staða mála sem kynnt voru og/eða rædd á síðasta stjórnarfundum.

- a) *Nefnd um endurúthlutun kallmerkja (JB)*. Jónas skýrði frá því að nefndin hafi tekið til starfa með því að skiptast á upplýsingum um netið. Fyrsti formlegur fundur er fyrirhugaður 23. þ.m.
- b) *Vetrardagskrá (SG)*. Guðmundur mun hraða sem kostur er að leggja fram drög að dagskrá.
- c) *Eignalisti (SNN og JI)*. Málið er til skoðunar.
- d) *Sýning radiótækja (JI)*. Málið er til skoðunar.
- e) *Smíðaaðstaða (SNN og JB)*. Sveinn Bragi og Jónas hafa skoðað hvernig koma má upp aðstöðu í QSL herberginu.
- f) *Námskeiðsmál/nýliðun (JB)*. Efnt verður til fundar m. prófnefnd og stjórn 18. ág. n.k.
- g) *Verkfæri (SNN)*. Sveinn Bragi hefur gert kaup á nauðsynlegustu verkfærum.
- h) *Vitahelgin „International Lighthouse Weekend“ (SNN)*. Sveinn Bragi hefur verið í sambandi við lykilmenn og vinnur að undirbúningi.
- i) *Neyðarfjarskipti (JB)*. Jónas hefur verið í sambandi við TF3JA og mun Jón gera uppkast að erindisbréfi embættis neyðarfjarskiptastjóra ÍRA.
- j) *Friedrichshafen 2009 (SG)*. Guðmundur skýrði frá óformlegum fundi í IARU Region 1 sem fram fór í Friedrichshafen 26. júní s.l. Hann mun setja sig í samband við TF3KB vegna þeirra mála.

5. Erindi radióskáta.

Samþykkt að heimila radióskátum afnot af húsnaði og fjarskiptabúnaði Í.R.A. helgina 17. og 18. október n.k. vegna „Jamboree on the air 2009“.

6. Eftirfarandi erindi lögð fram til til umfjöllunar og samþykktar:

- a) *Heimild til framleiðslu á 200 bílrúðmerkjum með félagsmerki ÍRA*. Samþykkt að leita samninga við Vörumerkingu ehf. sem átti lægst tilboð. Gangi það tilboð eftir var samþykkt að hvert merki verði selt á 200 krónur en þrjú merki saman á 500 krónur.
- b) *Heimild til kaupa á aflgjafa fyrir TF3RPA*. Tilboð: 20.111 krónur m/vsk. Samþykkt að kaupa PS 1330 aflgjafa frá HQ Power hjá fyrirtækinu Íhlutir ehf.
- c) *Heimild til kaupa á aflgjafa fyrir TF3IRA*. Samþykkt skv. sömu forsendum og í lið b.
- d) *Heimild til útgáfu á þýðingu TF3VS á bók ON4UN og ON4WW; „Siðfræði og samskiptasiðir radióamatöra“*. Tilboð reyndist hagkvæmast hjá Prentsmiðjunni Odda hf.; 236.550 krónur m/vsk. miðað við stafræna prentun í lit í 200 eintökum og

frágang (þ.e. forsíðu í 140 gr. pappír og límingu á kjöl). Bókin er alls 72 bls. að stærð og er framleiðslukostnaður því 1183 krónur á hvert eintak. Vilhjálmur, TF3VS, var mættur á fundinn og tók þátt í umræðum. Fram kom m.a., að heppilegasta útgáfuformið væri í stærðinni A4 (en A5 er töluvert dýrara). Vilhjálmur hefur ennfremur gert tillögu að forsíðu bókarinnar sem sýnd var á fundinum. Með tilvísan til umræðna á aðalfundi 2009 og í ljósi þess að hér er um dýrmæt námsgögn að ræða gagnvart nýjum leyfishöfum var samþykkt að ganga að tilboði Odda. Samþykkt ennfremur að eintak bókarinnar verði til dreifingar til allra skuldlausra félagsmanna á árinu 2009 með tilvísan til umræða á aðalfundinum í maí s.l. Vilhjálmur hvarf af fundi við svo búið.

7. Tillaga um innsetningu ljósmynda (þ.e. andlitsmynda) við nöfn í félagatali.

Samþykkt að það skuli vera valkvætt fyrir félagsmenn og fara þess á leit við TF3KJ að taka verkefnið að sér.

8. Tillaga um að útbúið verði sérstakt umslag til afhendingar nýjum félagsmönnum.¹⁵

Tillagan rædd. Samþykkt að útbúin verði mappa með ljósrituðum gögnum um félagið sem verði til afhendingar til nýrra félagsmanna, sbr. upptalningu í neðanmálgrein.

9. Tillaga um að Í.R.A. beiti sér fyrir að gömul TF QSL kort verði skönnuð og birt á heimasíðu.

Tillagan samþykkt samhljóða. TF2JB tekur að sér undirbúning.

10. Önnur mál.

- a) *Félagsmerki Í.R.A.; á Í.R.A. merkið eða er það í einkaeign? Sveinn Bragi var málshefjandi. Hann bar upp spurningar sem tengjast merki félagsins. Samþykkt að koma á fundi með TF3KB og stjórninni m.a. til að fara yfir það mál. Kristján er réttihafi merkisins.*
- b) *Verklags/vinnureglur fyrir embætti félagsins, t.d. prófnefnd/námskeiðahald; endurvarpa; IARU-tengil; neyðarfjarskiptastjóra, o.fl. Sveinn Bragi var málshefjandi. Fram kom m.a. í svari formanns, að hann fyrirhugar að kalla embættismenn félagsins á fund hjá stjórninni þar sem farið verði yfir þessi mál. Hann hefur þegar óskað eftir því við IARU tengil félagsins, TF3KB og neyðarfjarskiptastjóra félagsins, TF3JA, að þeir geri uppkast að embættisbréfum sínum.*
- c) *TF3RPC QRV á ný 7. júlí. Formaður skýrði frá því að TF3GW og TF3WS hafi fyrir um daginn komið endurvarpanum í gang á ný.*
- d) *Nýtt CQ TF; 3. tbl. 2009. Stjórnarmenn lýstu yfir ánægju með útkomu nýs tölublaðs af CQ TF og voru samþykktar sérstakar þakkir til nýs ritstjóra, TF3KX. Einnig voru samþykktar sérstakar þakkir til fráfarandi ritstjórna, TF3GL, sem hljóp í skarðið án mikils fyrirvara í byrjun ársins.*

8. Fundarslit. Fundi slitið kl 23.20.

(Fundarritun TF3GL).

¹⁵ Tillagan gerir ráð fyrir að útbúið verði umslag til afhendingar til nýrra félagsmanna sem hafi t.d. eftirfarandi innihald: (1) Félagslög ÍRA; (2) Reglugerð um starfsemi radióamatöra; (3) Fjarskiptalögin; (4) nýjasta prentaða eintakið af CQ TF; (5) bílurúðumerki með félagsmerki ÍRA (2 stk.); og (6) annað sem hér kann að hafa gleymst að telja upp.

FUNDARGERÐ STJÓRNARFUNDUR Í.R.A. NR. 03/2009
Haldinn 11. ágúst kl. 21.00 í Skeljanesi í Reykjavík

Mættir: TF2JB, TF3SG, TF3GL og TF3BJ. TF3EE, TF3SNN og TF1JI höfðu boðað forföll.

1. Fundarsetning.

Formaður TF2JB setti fundinn kl. 21:05.

2. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð fundar nr. 2/2009 (frá 7. júlí 2009) var lögð fram og samþykkt án athugasemda.

3. Umsókn um kallverkið TF4X til rekstrar sameiginlegrar stöðvar.

Til umsagnar stjórnar Í.R.A. lá erindi dagsett 11. júlí 2009 með ósk um úthlutun kallmerkisins TF4X til rekstrar sameiginlegrar stöðvar í Otradal í Vesturbyggð hjá Þorvaldi Stefánssyni, TF4M. Ábyrgðarmaður er Yngvi Haðarson, TF3Y. Stjórnin samþykkti samhljóða að mæla með úthlutun kallmerkisins.

4. Vetrardagskrá 2009-2010.

TF3SG lagði fram til umræðu frumdrög að vetrardagskrá. Ekkert var fært til bókar um dagskrárliðinn, og bíður endanleg útfærsla hans næsta fundar.

5. TF útileikar 2009.

TF útileikarnir 2009 voru haldnir 1.-3. ágúst. Ágæt þátttaka var, og svipuð og á síðasta ári. TF3KX er að safna loggum og mun hann ásamt TF5B hafa umsjón með útreikningi stiga og útgáfu verðlaunaskjala líkt og í fyrra.

Umræða spannst um nýja TF0-svæðið vegna þátttöku manna í útileikum. Var það sameiginlegt álit stjórnarmanna að óheppilegt væri að undanskilja mannvirkjabelti hér og hvar um hálendið frá TF0, enda sé erfitt að henda reiður á því hvort maður sé staddur á slóða sem *tilheyrir* mannvirkjabelti (t.d. belti meðfram veginum inn að Eldgjá að Fjallabaki, eða belti meðfram línuveginum norðan Skjaldbreiðs sem jafnvel útilokar Hlöðufell frá TF0), eða hvort maður er staddur á slóða sem *ekki tilheyrir* mannvirkjabelti TF0 (t.d. Dómadalsleið að Fjallabaki eða veginum upp að Hlöðufelli sunnan úr Laugardal).

Á aðalfundi Í.R.A. 23. maí 2009 var samþykkt svohljóðandi skilgreining á TF0-svæðinu:
TF0 er lokað svæði sem umlykur óbyggðir og miðhálendi landsins að undanskildum mannvirkjabeltum. Lokaða svæðið og mannvirkjabeltin er skv. skilgreiningu samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins. Í mannvirkjabeltum miðhálendisins gildir venjuleg kallsvæðaskipting eftir staðsetningu miðað við stjórnsýslumörk.

Stjórnin ályktaði að heppilegra gæti verið að undanskilja ekki þessi mannvirkjabelti, og notast við skilgreiningu óbyggðanefndar á þjóðlendukorti um "Samgöngur og ferðamál" sem sjá má á vef óbyggðanefndar <http://www.halendi.is/media/files/C4-a3-sg-fe.jpg>

6. Vitahelgin 2009.

Vitahelgin 2009 verður haldin 14.-15. ágúst 2009. Skrifleg heimild er komin frá Siglingastofnun um notkun á Knarrarósvita og kann stjórnin stofnuninni og vitaverði bestu þakkir fyrir. Nokkrir hafa boðað komu sína til stöðvarstjóra, TF3SNN, sem heldur utan um þáttökutilkynningar þeirra sem hyggjast operera frá vitanum.

7. Erindisbréf neyðarfjarskiptastjóra Í.R.A.

Erindisbréf neyðarfjarskiptastjóra, TF3JA, tekið fyrir og samþykkt.

8. Tillaga að samþykkt um hlutverk TF3IRA

TF2JB lagði fram til umræðu skjal með skilgreiningu á hlutverki félagstöðvarinnar TF3IRA. Afgreiðslu málsins frestað og e.t.v. samþætt væntanlegu erindisbréfi stöðvarstjóra.

9. Fundur með prófnefnd félagsins 18. ágúst.

Stjórnin leggur til eftirfarandi markmið í námskeiðs- og prófhaldi:

- Námskeið verði 1-2 á ári, tímasetning verði a.m.k. um hausti, en annars einnig um vor
- Möguleiki sé að efna til prófa oftár en námskeið eru haldin
- Mögulegt verði að halda styttra námskeið til N-leyfis
- Leitast verði við að stuðla að því að námskeiðsgögn komi inn á netið í auknum mæli (<http://ira.is/display/namsefni/Home>)

10. Fjarskiptaherbergi TF3IRA.

Framkvæmdir í fjarskiptaherbergi hafa miðað að því að gera aðstöðuna notendavænni. Fór stjórnin um herbergið og tók út hið vel unna verk sem TF3SNN og TF2JB hafa borið hitann og þungann af.

11. Heimildir til útgjalda úr félagssjóði.

Samþykkt var að heimila eftirtaldar ráðstafanir:

- Kaup á aflgjafa/spenni fyrir rótor fyrir SteppIR-loftnet.
- Kaup á korti í stjórnkassa fyrir SteppIR-loftnet.
- Kaup á Yaesu SP 8 hátalara fyrir FT 1000 stöð.
- Kaup á Kenwood SP 23 hátalara fyrir TS 2000 stöð.
- Kaup á morselykli (handlykli) frá Kent UK.
- Kaup á nettengingu fyrir félagsaðstöðuna.

12. Önnur mál.

Ritari TF3GL boðar að sakir vinnu erlendis muni hann ekki geta mætt á nokkra næstu stjórnarfundum en taki þó þátt í starfi stjórnar að öðru leyti.

13. Dagsetning næsta stjórnarfundar og fundarslit.

Miðað er við að halda næsta stjórnarfund í byrjun september. Fundi slitið kl. 23:10.

(Fundargerð ritaði TF3GL).



Úr félagsstarfinu. Hlustað af athygli á erindi í Skeljanesi 28. janúar 2010. Frá vinstri: Sigurður Smári Hreinsson, TF8SM; Guðmundur Ingi Hjálmtýsson, TF3IG; Jón Gunnar Harðarson, TF3PPN; og Þór Magnússon, TF3TON. Ljós.: TF3LMN.

STJÓRNARFUNDUR Í.R.A. NR. 04/2009.

Haldinn sunnudaginn 27. september 2009 kl. 11 árdegis í Skeljanesi í Reykjavík.

Mættir: TF2JB, TF3SG, TF3SNN og TF3BJ. TF3GL, TF3JI og TF3EE höfðu boðað forföll.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund kl. 11:00 og lagði fram tillögu að dagskrá sem var samþykkt.

2. Fundargerð síðasta fundar.

Uppkast að fundargerð fundar nr. 3/2009 var lögð fram til samþykktar. TF2JB gerði tillögu um breytingu á orðalagi 5. töluliðar. Í stað orðanna “heppilegra væri” komi “heppilegra gæti verið”. Fundargerðin var samþykkt með þeirri breytingu.

3. Fundur stjórnar Í.R.A. með prófnefnd.

Farið var yfir ágætan fund sem stjórn átti með prófnefnd þann 18. ágúst s.l.

4. Vetrardagskrá 2009-2010.

TF3SG skýrði frá hugmynd þess efnis að hafa opið á sunnudagsmorgnum í vetur þar sem lögð yrði m.a. áhersla á að setja upp loftnet og verklegar framkvæmdir í félagsaðstöðunni. Gert er ráð fyrir að áframhald verði á fræðslu- og kynningarkvöldum á fimmtudögum í vetur og einu myndbandskvöldi. Guðmundur mun senda dagskrána til ritstjóra CQ TF til birtingar í næsta tölublaði.

5. Næsta tölublað CQ TF (4. tbl. 2009).

Undirbúningur að útgáfu næsta tölublaðs CQ TF er í fullum gangi og er stefnt að því að blaðið komi út í byrjun október n.k.

6. Morsenámskeið og námskeið til amatörprófs.

TF3SG skýrði frá Morsenámskeiði TF3AX, sem hófst 1. september. Alls mættu 12 manns til að byrja með en eitthvað hefur fækkað síðan. Námskeiðið er mjög vel heppnað. TF2JB skýrði frá væntanlegu námskeiði til amatörprófs sem hefst í byrjun október og Hrafnkell, TF3HR, mun stjórna. Rætt var m.a. um heppilegt húsnæði fyrir námskeiðið og námskeiðsgjald. Það er hugmynd stjórnarmanna að fjárhæð þess verði óbreytt frá sem hún var síðast – þó þannig að námskeiðið standi undir sér. Rædd var óformleg tillaga TF3GL um hækkun gjaldsins en henni hafnað. Fundarmenn eru sammála um að stilla verði í hóf í ljósi þeirra efnahagslegu þrenginga sem nú eru í þjóðfélaginu.

7. Staða félagssjóðs.

Innheimta félagsgjalda hefur gengið vel og er staða félagssjóðs góð.

8. TF útileikar 2009.

TF3SG (tengiliður stjórnar) fór yfir úrslit og sagði frá því að menn væru almennt þeirrar skoðunar að mjög vel hafi til tekist. Stjórn Í.R.A. færir öllum þeim sem komu að undirbúningi og úrvinnslu gagna TF útileikanna 2009 þakkir fyrir frábær störf.

9. Starfshópar.

Samþykkt að skipaður verði *starfshópur* innan félagsins til að endurskoða reglur fyrir TF útileikana. Auglýst verði eftir áhugasömum félagsmönnum til starfa í hópnum.

Undir dagskrárliðnum var einnig samþykkt að skipaður verði *starfshópur* innan félagsins til að gera tillögur um hvort efna beri til (og þá á hvaða hátt) kynningar á amatörradíói fyrir almenning í tilefni alþjóðadags radíóamatöra (*World Amateur Radio Day*) 18. apríl 2010. Auglýst verði eftir áhugasömum félagsmanna til starfa í hópnum.

10. Framleiðsla á gólfána með merki félagsins.

Samþykkt að framleiða gólfána á standi með félagsmerkinu (með tilvísan til samþykktu fyrri stjórnar). Formanni var falið að leita til Ársæls, TF3AO, um að hrinda málinu í framkvæmd.

11. Fundargerðir stjórnar.

Samþykkt tillaga TF2JB þess efnis að fundargerðir stjórnar verði hengdar upp og gerðar aðgengilegar félagsmönnum í félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Athugað verði á hvern hátt má miðla þessu efni til félagsmanna á netinu.

12. Nettenging.

Samþykkt að hrinda í framkvæmd nettengingu félagsaðstöðunnar sbr. samþykkt stjórnarfundar nr. 3/2009. TF3EE og TF3SNN taka að sér kaup á nauðsynlegum búnaði.

13. Radiódagbækur félagsins á rafrænu formi.

Tillaga þess efnis að radiódagbækur félagsins sem til eru á rafrænu formi verði settar inn á „Club Log“ heimasíðuna ræddar. Stöðvarstjóri, TF3SNN, óskaði eftir að fá tækifæri til að kynna sér málið. Samþykkt að fresta umfjöllun.

14. Heimild til útgjalda úr félagssjóði.

TF3JB lagði fram tillögu þess efnis, að keyptar verði pöllur og [hand]Morselykill til nota fyrir TF3IRA; þannig verði báðar stöðvar útbúnar varanlega með þessum aukahlutum. Innkaupsverð nemur alls €192.58, þ.e. „The Kent Hand Key“ (€86.98) og „The Kent twin paddle morse key“ (€105.60). Tillagan samþykkt.

15. Önnur mál.

(a) TF3SNN velti fyrir sér ályktunarhæfni stjórnarfundar þegar færri en fimm manns eru mættir. Fram kom m.a. í umræðum, að svo framarlega sem ákvæði í 9. gr. félagslaga eru virt, þ.e. hvað áhrærir fundarboðun og varamenn, geti stjórnarfundur þar sem þrír stjórnarmenn eru mættir hið minnsta, verið ályktunarbær – með þeim rökum að 3 atkvæði nægi í 5 manna stjórn til að samþykkja eða hafna tilteknum málum.

(b) TF3SNN spurði um erindi sem nýrri stjórn hafi borist þann tíma sem hún hefur starfað. TF2JB sagðist ekki hafa séð nein slík – utan umsagnarerinda frá PFS vegna kallmerkja. Sveinn tekur að sér að kanna hvort eitthvað hefur safnast upp hjá ritara, TF3GL.

(c) TF3SNN spurði um fjölda þeirra sem hafa skráð sig á námskeið til amatörprófs á heimasíðu félagsins. TF2JB sagðist aðeins vita um heildarfjöldann, þ.e. 42. Hins vegar hafi verið opið fyrir skráningu í nokkuð langan tíma og því óljóst um endanlegan fjölda. TF3SNN tekur að sér að hafa samband við TF3GL um að hann sendi tölvupóst á þá sem hafa skráð sig til að kanna hvort þeir standi við skráningu sína miðað við að námskeið verði haldið í október-nóvember n.k.

16. Ákvörðun um dagsetningu og tímasetningu næsta stjórnarfundar.

Endanleg dagsetning var ekki ákveðin en miðað er við næsta næsta stjórnarfund í viku 44.

17. Fundarslit.

Fundi var slitið kl. 13.30.

(Fundarritun: TGF3SG).

STJÓRNARFUNDUR Í.R.A. NR. 05/2009.

Haldinn sunnudaginn 29. október 2009 kl. 18:00 í Skeljanesi í Reykjavík.

Mættir: TF2JB, TF3SG, TF3GL, TF3EE, TF3SNN og TF3BJ. TF1JI hafði boðað forföll.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund kl. 18:10 og lagði fram tillögu að dagskrá sem var samþykkt.

2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.

Uppkast að fundargerð fundar nr. 4/2009 frá 27. september var lagt fram til samþykktar. Fundargerðin var samþykkt með orðalagsbreytingu í lið 15a.

3. Erindi sem borist hafa til félagsins frá síðasta stjórnarfund.

Engin önnur erindi hafa borist stjórn félagsins en almennar fyrirspurnir erlendra radióamatöra á tölvupósti.

4. Staða félagssjóðs.

Gjaldkeri, TF3EE, gerði grein fyrir stöðu félagssjóðs pr. 29/10 2009: Hlaupareikningur, staða kr. 827.205 (inni í tölunni námskeiðsgjöld að fjárhæð kr. 132.000) og fyrirtækjabréf Landsbankans, staða: kr. 203.000. Um 140 manns höfðu greitt árgjald m.v. 29. október .

5. CQ TF; 4. tbl. 2009, forútgáfa 19. október og endanleg útgáfa 27. október.

Rætt var um hvort bæri að hafa félagsblaðið á opnu eða lokuðu svæði á spjallvef félagsins. Umræðu var frestað án sérstakrar niðurstöðu. Samþykkt að þakka ritstjóra frábær störf.

6. Námskeið til amatørprófs.

Yfir 20 manns hafa skráð sig á námskeiðið sem hófst 22. október, og fyrirhugað er að ljúki með prófi 19. desember. Lagði formaður til að færðar yrðu til bókar sérstakar þakkir til Hrafnkels, TF3HR, fyrir að taka að sér starf skólastjóra.

7. Morsenámskeið.

Moresenámskeiðið sem hófst 1. september s.l. hófst á ný eftir hlé 29. október og verður nú tvo daga í viku, þ.e. þriðjudaga og fimmtudaga kl. 19:00-20:00.

8. Fundur með PFS á næstunni.

Formaður hyggst koma á samráðsfundi með Póst- og fjarskiptastofnun á næstunni, m.a. vegna væntanlegrar umsóknar Í.R.A. um aðgang að 70 MHz og 500 kHz tíðnisviðunum, sbr. umfjöllun í 3. tbl. CQ TF 2009.

9. Framleiðsla á gólfána með merki félagsins (staða verkefnisins).

Í fánaþjóði eru til um 96.000 krónur, en tilboð í gólfána var 78.000 krónur og vinnur TF3AO að verkefninu. TF3SNN lagði til að bætt yrði í pöntunina venjulegum fána (útifána) og var það samþykkt.

10. Skráning upplýsinga úr radiódagbókum klúbbstöðvar félagsins á "Club Log".

Tveir félagsmenn höfðu (í sitt hvoru lagi) lagt til skráningu upplýsinga úr radiódagbókum klúbbstöðvar félagsins á "Club Log". TF2JB lagði til að ekki hafist handa um verkefnið í ljósi upplýsinga stöðvarstjóra, TF3SNN, þess efnis að um aukna vinnu við umsýslu og viðhald yrði að ræða, og var það samþykkt.

11. Tillaga um gerð skilagreina og umslaga fyrir notendur QSL Bureau's félagsins.

Formaður kynnti tillögu um gerð skilagreina og umslaga fyrir QSL bureau félagsins. Lagt er til að þegar kortum er skilað, fylgi einföld skilagrein. Á henni komi fram dagsetning,

kallmerki, fjöldi korta og sú fjárhæð sem lögð er með kortunum. Jafnframt er lagt til að félagið kaupi A5 pokaumslög. Á umslögin verði áprentað: Í.R.A. QSL Bureau, pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Umslög og skilagreinar verði ókeypis fyrir félagsmenn. Þannig verði bæði hægt að halda utan um hver borgar hvað og fá auk þess gagnlegar upplýsingar um starfsemi QSL-þjónustunnar. Bauðst TF2JB til að sjá um málið. Tillagan var samþykkt.

12. www.ira.is.

Benedikt Sveinsson, TF3CY (áður TF3BNT), mætti á fundinn kl 18:50 til að ræða virkni heimasíðu félagsins www.ira.is. Rætt var um uppfærslu á Confluence í nýjustu útgáfu sem myndi gera kleift að vinna betur með útlit, fá síðuna til að vinna hraðar og auka öryggi. Ákveðið var að TF3CY og TF3GL færu í þessa vinnu.

13. Önnur mál.

- TF3SG greindi frá því að TF3KB hefði áframsent honum tilmæli frá IARU þess efnis að aðildarfélög finni leið til að koma QSL kortum til viðtakanda, jafnvel þótt þeir væri ekki félagsmenn. Samhljóða álit stjórnar var að QSL kortum til utanaðkomandi yrði ekki fargað, en ekki fékkst niðurstaða um aðferð við að koma þeim til viðtakanda. Nánari umræðu var frestað.
- Stöðvarstjóri, TF3SNN, ræddi þríf í félagsaðstöðunni og lagði til að haldinn yrði þrífnaðardagur. Mun TF3SNN hafa forgöngu um að senda út auglýsingu þessa efnis.
- TF3SG skýrði frá, að sér hafi borist svar frá RSGB við persónulegri fyrirspurn um skráningu Grímseyjar sem IOTA-einingar; en sem stendur hefur Ísland sjálft númerið „EU021“, Vestmannaeyjar „EU071“ og allar aðrar eyjar við landið „EU168“. Svar barst þess efnis að ekki væri vilji til að auka auðkenningar fleiri eyja umfram núverandi fjölda sem er um 1200.

14. Ákvörðun um dagsetningu næsta stjórnarfundar.

Endanleg dagsetning var ekki ákveðin en miðað er við næsta næsta stjórnarfund í viku 48 eða fyrr ef þörf er.

17. Fundarslit. Fundi var slitið kl. 19:45.

(Fundargerð ritaði TF3GL).



Úr félagsstarfinu. Frá erindi Guðmundar Löve, TF3GL, þann 29. október 2009. Frá vinstri: Óskar Sverrisson, TF3DC; Georg Magnússon, TF2LL; Guðmundur Sveinsson, TF3SG; Sveinn Guðmundsson, TF3T; Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA; Guðmundur Löve, TF3GL; og Vihjámur Í. Sigurjónsson, TF3VS. Ljósmynd: TF2JB.

STJÓRNARFUNDUR Í.R.A. NR. 06/2009.

Haldinn fimmtudaginn 26. nóvember 2009 kl. 18:00 í Skeljanesi í Reykjavík.

Mættir: TF2JB, TF3SG, TF3EE, TF3SNN, TF3BJ og TF1JI. TF3GL hafði boðað forföll.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund kl. 18:23 og lagði fram tillögu að dagskrá sem var samþykkt.

2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.

Uppkast að fundargerð fundar nr. 5/2009 (frá 29. október) var samþykkt.

3. Erindi sem borist hafa til félagsins frá síðasta stjórnarfund.

Félaginu hefur borist erindi til umsagnar frá PFS dags. 23. nóvember. Það varðar ósk Hr. Lutz Neubauer, DL9DAN (fyrir eigin hönd og nokkurra annarra þýskra leyfishafa) um úthlutun sérstaks íslensks kallmerkis með einn bókstaf í viðskeyti til notkunar í Vestmannaeyjum, dagana 17. -27. júlí 2010, m.a. í IOTA-keppninni (sem er 24 klst. keppni helgina 24.-25. júlí).

Eftirfarandi tillaga að umsögn félagsins var borin upp og samþykkt: „Í.R.A. mælir ekki með úthlutun PFS á sérstöku íslensku kallmerki til hópsins, með tilvísan til 3. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar þar sem segir, að radióáhugamaður þurfi að dvelja hérlendis lengur en þrjá mánuði til að geta sótt um íslenskt kallmerki. Þess má geta, að ákvæði íslensku reglugerðarinnar og þeirrar þýsku eru nákvæmlega eins hvað þetta atriði varðar“.

4. Námskeið til amatørprófs – prófdagur.

Miðað hefur verið við að amatørpróf verði haldið laugardaginn 19. desember n.k. Stjórn Í.R.A. vísar til sameiginlegrar niðurstöðu á fundi með prófnefnd félagsins 18. ágúst s.l. þess efnis, að mikilvægt sé að fulltrúi PFS verði viðstaddur á prófstað jafnvel þótt prófhald verði utan venjulegrar vinnuviku á laugardegi.

5. Tíðnimál.

Rætt um nýlegar úthlutanir á 70 MHz og 500 kHz, auk útvíkkana á heimildum radióamatöra í Noregi, Finnlandi, Belgíu og Slóvakíu. Samþykkt að félagið sækji formlega um aðgang að þessum tíðnisviðum fyrir íslenska leyfishafa til PFS.

6. Gólfáni Í.R.A.

Tvær tillögur að nýjum gólfána frá TF3AO ræddar. Ákvarðanatöku frestað.

7. Aðalfundur Í.R.A. 2010.

Rætt um að halda fundinn þann 29. maí kl. 13:00 á Radisson SAS Hótel Sögu. Formaður tekur að sér að kanna málið sem verði lagt fyrir næsta stjórnarfund til ákvörðunar.

8. Félagssjóður – ósk um heimildir til útgjalda.

- a) TF3SG hefur bent á að ekki eru til nýlegar handbækur frá ARRL í félagsaðstöðunni. Samþykkt að fela TF3SG að kaupa nokkrar af nýjustu ARRL bókunum fyrir félagið.
- b) TF3SG ræddi þrif á félagsaðstöðu. Hann gengur í að kanna verð á rekstrarvörum.
- c) Hand- og borðhljóðnemar fyrir TF3IRA. TF3SG og TF3EE falið að skoða markaðinn, gera tillögur og leggja fyrir næsta stjórnarfund til ákvörðunar.

9. Loftnet fyrir TF1RPE.

Loftnetið við TF1RPE endurvarpsstöðina á Búrfelli er brotið. Samþykkt að leita til Guðmundar, TF3GS og fela honum að gera nauðsynlegar úrbætur.

10. Heimasíða Í.R.A.

Rætt um heimasíðu félagsins, www.ira.is. Sveinn Bragi, TF3SNN, sýndi stjórnarmönnum tillögu að nýju viðmóti sem hann hefur hannað fyrir heimasíðuna þar sem hann skiptir henni í þrjá dálka. Hann bauðst í framhaldi til að aðstoða við útfærslu heimasíðunnar. Samþykkt að beina tillögu Sveins til Guðmundar, TF3GL, ritara félagsins til útfærslu.

11. Starfshópar.

Nýlega var auglýst eftir áhugasömum félagsmönnum til að taka sæti í tveimur starfshópum innan félagsins. Sá fyrri geri tillögur um hvort efna beri til (og þá á hvaða hátt) til kynningar á amatörradíói fyrir almenning í tilefni alþjóðadags radióamatöra („World Amateur Radio Day“) 18. apríl 2010. Sá síðari taki til umfjöllunar/endurskoðunar keppnisreglur TF útileikanna. Fram kom, að ónæg þátttaka hafi fengist þrátt fyrir áberandi auglýsingu á baksíðu 4. tbl. CQ TF. Samþykkt að reyna betur og var TF3SG falið að setja auglýsingu á heimasíðu félagsins.

12. Morsnámskeið; kynning.

Axel, TF3AX, hefur verið með morsnámskeið í vetur og heldur áfram að kenna einu sinni í viku á fimmtudögum. Jón Þóroddur, TF3JA, mun hefja daglegar QTC sendingar og morsæfingar á 3,710 MHz. Stjórn Í.R.A. þakkar þeim fyrir gott framlag í þágu félagsins.

13. Bráðabirgðatölvupóstfang; kynning.

Stjórn Í.R.A. hefur tekið í notkun nýtt tölvupóstfang fyrir félagið sem er „tf3ira@gmail.com“. Þetta pósthfang er sett upp til bráðabirgða uns pósthfangið „ira@ira.is“ kemst í lag.

14. Skilagreinar til QSL bureau'sins; kynning.

TF2JB kynnti sérstaka skilagrein sem fylgja á QSL kortum þegar menn skila kortum til bureau'sins. Skilagreininni fylgir áprentað umslag. Hvorutveggja er til ókeypis afhendingar til félagsmanna.

15. Gjafir til félagsins; kynning.

Yngvi, TF3Y færði félaginu að gjöf Win-Test dagbókarforrit þann 5. nóvember s.l. Stjórn Í.R.A. þakkar Yngva fyrir gjöfina sem mun koma að góðum notum hjá TF3IRA.

16. TF3IRA þátttakandi í alþjóðlegu neyðarfjarskiptaæfingunni 14. nóv. s.l.; kynning.

Jón Þóroddur, TF3JA, neyðarfjarskiptastjóri, tók þátt í æfingunni þann 14. nóvember s.l. frá TF3IRA. Þetta er í annað skiptið sem hann tekur þátt í alþjóðlegu æfingunni á þessu ári.

17. Önnur mál

Rætt um lykilhafa að félagsaðstöðu Í.R.A. Sveinn Bragi, TF3SNN, skýrði frá því að ekki hafi verið fært reglulega inn í viðburðadagbók TF3IRA, sem m.a. heldur utan um hverjir nota fjarskiptaadstöðu félagsins. Jón, TF1JI, tæpti á máli sem snýr að endurvörpum og uppsetningu á radíóavita fyrir 2 metrana. Að lokum var rætt um að félagið þurfi að marka sér stefnu í endurvarpamálum.

18. Ákvörðun um dagsetningu næsta stjórnarfundar.

Samþykkt að stefna að fundi yfir hátíðarnar þegar TF3GL verður á landinu.

19. fundarslit.

Fundi var slitið kl. 20:00.

(Fundarritun: TF3SG).

STJÓRNARFUNDUR Í.R.A. NR. 7/2010.

Haldinn föstudaginn 8. janúar 2010 kl. 18:00 í Skeljanesi í Reykjavík.

Mættir: TF2JB, TF3SG, TF3GL, TF3EE, TF3SNN, TF3BJ og TF1JI.

1. Fundarsetning og samþykkt dagskrár.

Formaður setti fund kl. 18:15 og lagði fram tillögu að dagskrá sem var *samþykkt*.

2. Fundargerð síðasta fundar (nr. 6/2009 frá 26. nóv. s.l.) lögð fram til samþykktar.

Fundargerðin var *samþykkt*.

3. Erindi sem borist hafa til félagsins frá síðasta stjórnarfundi

1. TF3Y (ábyrgðarmaður TF4X) sækir um heimild fyrir stöðina til PFS til að nota 1,5 kW í CQWW 160 metra keppninni 29.1-31.1.2010. *Samþykkt* að mæla með umsókninni.
2. TF3Y (ábyrgðarmaður TF4X) sækir um heimild til að nota tíðnisviðið 1850-1900 kHz fyrir stöðina og alla íslenska leyfishafa í alþjóðlegum keppnum á árinu 2010. *Samþykkt* að mæla með umsókninni.
3. Lagt fram bréf frá PFS þar sem óskað er eftir umsögn Í.R.A. um beiðni Caleceonio Gonzales, TF3LW (áður TF3LWT) um ársframlengingu undanþágu frá HAREC-kröfum. *Samþykkt* að Í.R.A. sjái ekki ástæðu til að andmæla slíkri embættisfærslu.
4. TF3PPN hefur óskað eftir lausn frá störfum sem QSL-stjóri af persónulegum ástæðum.
Fært til bókar að stjórn Í.R.A. þakkar Jóni Gunnari frábærlega vel unnin störf.
5. Bókað móttakið erindi frá Bengt Dahlstedt, SM5XXH, sem varðar fyrirspurn um ATV sendingar um gervitungl radíóamatöra frá Íslandi. *Samþykkt* að ritari svari erindinu.

4. Gjaldkeri leggur fram bráðabirgðayfirlit yfir fjárhag

Þegar núverandi stjórn tók við nam sjóðseign um 884 þúsund krónur, en nemur í dag 889 þúsund krónum. Þá er ótalin verðbréfaeign að fjárhæð 225 þúsund krónum, auk fánasjóðs sem telur 79 þúsund krónur. Alls eru þetta um 1205 þúsund krónur.

5. Ákvörðun um erindi til PFS vegna amatörprófs

Samþykkt að óska eftir að radíóamatörpróf verði haldið 23.1.2010 kl. 10:00 í Flensborgarskóla Hafnarfirði.

6. Ákvörðun um fundardag og fundarstað fyrir aðalfund 2010

Samþykkt að halda aðalfund 2010 29. maí n.k. kl. 13.00 að Hótel Sögu (Radisson SAS). Kostnaður við sal er um 30 þúsund krónur. Reiknað er með að boðið verði upp á kaffi, en vísað til útfærslu formanns sem kanni verð.

7. Ákvörðun um framleiðslu á gólfána með merki félagsins

Samþykkt að ganga frá framleiðslu gólfána í stærðinni 150 cm (hæð) og 100 cm (breidd) með svörtu lettri á hvítum grunni, á tréstandi. TF3AO annast framkvæmd.

8. Upplýsingakerfi Í.R.A.

Ritari TF3GL fór yfir stöðu mála á upplýsingakerfum félagsins, en þau eru:

1. www.ira.is, m.a. hugsanleg stofnun sérstaks ritstjóraembættis síðunnar.
2. spjall.ira.is og irapostur@yahoogroups.com.
3. Google Docs og Gmail á léni félagsins, ira.is.

Útdráttur úr greinargerð ritara fer hér á eftir.

(a) Ritstjóri vefmiðla

Lagt er til að stofnað verði ritstjóraembætti vefmiðla Í.R.A., sem í dag eru vefurinn www.ira.is og spjallþráðavélin spjall.ira.is. Ritstjóraembættið er fyrst og fremst efnislegs eðlis (strúktúr og innihald), en ekki starf kerfisstjóra (þar sem TF3HR, TF3CY og fleiri hafa lagt gjörva hönd á plóg). Lögð verði áhersla á að ritstjóri sé afburðamaður í íslensku, hafi góða skipulagsgáfu, sé næmur á aðalatriði, hafi auga fyrir útliti, og hafi helst einnig reynslu af vefmiðlum. Tillaga ritara TF3GL er að rætt verði við TF3VS um að taka að sér starfann.

(b) www.ira.is

- **Aðalvefur:** Þörf er á að skilgreina nýtt veftré, en núverandi vefur er einfaldlega (töluvert) uppfært afrit af gamla vefnum. Einnig er þörf á “allsherjar ritstjórnartiltekt”.
- **Námsefnisvefurinn:** Þessi vefur verði aukinn eins og kostur er; væri vert að ræða sérstaklega við skólustjóra amatörskólans um hvernig best væri að standa að því að koma glærुकyningum fyrirlestra og úrlausnarefnum dæmatíma þarna fyrir.
- **Stjórnarvefurinn:** Verði áfram undir stjórn ritara (og stjórnar) hverju sinni, enda ekki tilhlýðilegt að ritstjóri vefmiðla hafi aðgang að því svæði. Þarna eiga allar fundargerðir og gögn stjórnar að geymast.
- **Aðrir vefir:** Í dag, eru auk ofangreindra vefja til vefir fyrir CQTF og stöðvarstjóra; báðir í lítilli notkun. Einnig “sandbox”-vefur þar sem hægt er að gera tilraunir að vild. Þetta má liggja óhreyft, en þó væri gaman að gera tilraunir með CQTF-vefinn; t.d. er þar að finna grein á ensku um flugdreka loftnet eftir TF3GL sem kemur upp ofarlega á Google-leit og er því væntanlega mikið lesin.

(c) spjall.ira.is og irapostur

Ritari bendir á kosti veflægs viðmóts (spjall.ira.is) gagnvart tölvupóstviðmóti (irapostur):

- Veflægt viðmót er aðgengilegt öllum án innskráningar (þótt einnig sé til lokað svæði sem hægt er að nota ef þarf); þetta eykur á aðdráttarafl amatörhreyfingarinnar.
- Á spjallþræði er hægt að setja myndir og fyrirsagnir, en ekki aðeins óformateraðan texta.
- Þar er einnig hægt að setja viðhengi (t.d. á CQTF-svæðið, þar sem blöð eru geymd, og væri hægt að geyma alla gömlu árgangana sem TF5B hefur skannað).
- Ekki er nauðsynlegt að halda sérstaka netfangaskrá og “administrera” notendum, nema þeim sem sérstaklega óska eftir að *skrifa inn* á spjallið.
- Sjálft spjallformið hentar illa fyrir tölvupóstsamskipti (point-to-point), og nær allir hafa horfið frá því formi og tekið upp veflæga spjallþræði.
- Engin rök eru fyrir að með irapostur sé hægt að komast í samband við alla félagsmenn: Engin trygging er fyrir því að menn hafi haft fyrir því að gefa upp netfang til að fá irapostur-skeyti og í raun ómögulegt að halda utan um það. Við erum betur sett með fréttir á vefsíðunni fyrir opinber *communiqué* og spjallþræðina fyrir frjáls skoðanaskipti.

(d) Google Apps

Þessi kerfi eru ókeypis frá Google og hafa verið tengd léni félagsins, ira.is.

- **Google Mail:** Hér getur félagið sett upp [@ira.is-netföng](mailto:ira.is-netföng) að eigin vali, s.s. ira@ira.is, qsl@ira.is, stjorn@ira.is etc. Lagt er til að settir verði upp netfangalistar, þannig að embættismenn fái afrit af slíkum pósti.
- **Google Documents:** Hér má geyma ýmis vinnuskjöl sem ekki tilheyra ira.is-vefnum (ritvinnslu-, töflureiknis- og kynningarskjöl). Einkar hagstætt til utanumhalds á gögnum sem margir þurfa að uppfæra, eða þarf að vera aðgengilegt fleirum en einum aðila. Kemur alfarið í staðinn fyrir Word- og Excelskjöl vistuð á einkatölvum.

- Þótt flestar upplýsingar er varða félagsmenn og félagið eigi heima á opnu svæði eða stjórnarsvæði ira.is, er engu að síður lagt til að master-afrit félagatalsins sé áfram geymt hér, þar sem það er í öruggri vistun (líkt og bankaupplýsingar eru geymdar hjá banka). Afrit af félagatalinu er svo reglulega sett inn á vefinn. Hugsanlega eiga fleiri skjöl erindi á Google Docs.

9. Varðar erindi sem fara frá félaginu

Formaður lagði fram ósk þess efnis að öll erindi sem fara frá félaginu verði sett inn á stjórnarsvæðið á Yahoo. Erindið *samþykkt*.

10. Staða TF3RPC

TF2JB skýrði frá því að viðgerð TF3RPC væri lokið. Hann hefði verið til prófunar frá 7. janúar s.l. Hann hefur nú verið stilltur á nýja tíðni, þ.e. 145.775 MHz (25 kHz ofar en áður). Þá hefur hann fengið nýtt QTH við Austurbrún 6 í Reykjavík.

11. Skýrt frá fundi með PFS

Formaður skýrði frá óformlegum fundi sem hann átti með Herði R. Harðarsyni hjá Póst- og fjarskiptastofnun 8. janúar. Á fundinum komu m.a. til umræðu 500 kHz og 70 MHz tíðnisviðin. Eftir munnlega skýrslu formanns um fundinn var samþykkt að fela honum að senda erindi til PFS með umsókn um 500 kHz og 70 MHz.

12. CQ TF 2010

Formaður skýrði frá því að 1. tbl. CQ TF muni seinka ca. um mánuð, þ.e. ca. fram í miðjan febrúar n.k., m.a. í ljósi seinkunar amatörprófsins til 23. janúar n.k. – en hugmynd ritstjóra er að gera niðurstöðum prófsins skil í þessu blaði.

13. Erindi til DL9DAN

Formaður lagði fram myndrit af erindi dags. 8.1.2009 til Lutz Neubauer, DL9DAN þar sem leiðréttur er misskilningur er fram kemur í bréfi sem hann sendi persónulega á ritara, TF3GL, sem ritari setti til birtingar á póstlista félagsins.

14. Fundarslit

Fundi var slitið 22:30 og öðrum málum er fyrir fundinum lágu frestað til næsta fundar.

Fundargerð ritaði TF3GL.



Úr félagsstarfinu. Hlustað á erindi í Skeljanesi 18. janúar 2010. Frá vinstri: Halldór Christensen, TF3GC; Stefán Þórhallsson, TF3S; Ásbjörn Harðarson, TF3LA; Páll B. Jónsson, TF8PB; og Sveinn Guðmundsson, TF3T. Ljósmynd: TF3LMN.

STJÓRNARFUNDUR Í.R.A. NR. 08/2010.

Haldinn þriðjudaginn 16. febrúar 2010 að Skeljanesi

Mættir: TF2JB, TF3SG, TF3EE, TF3SN, TF3BJ, TF3GL. TF1JI hafði boðað forföll.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund kl. 18:15 og lagði fram tillögu að dagskrá sem var *samþykkt*.

2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.

Uppkast að fundargerð nr. 7/2010 (frá 8. Janúar) var *samþykkt*.

3. Erindi sem borist hafa til félagsins frá síðasta stjórnarfund

3.1 Erindi PFS dags. 25.1.2010 er varðar umsógn um umsókn TF8GX f.h. Radíóklúbbs Reykjaness um úthlutun kallmerkisins TF7X til notkunar í Vestmannaeyjum í IOTA-keppninni 24.-25. júlí 2010 samþykkt með öllum greiddum atkvæðum en TF3SG á móti. Óskaði hann eftir að fært væri til bókar að þar sem TF4X hafi verið úthlutað varanlega til klúbbstöðvar sé ekki við hæfi að úthluta kallmerki með viðskeytinu X.

3.2 Samþykkt að fara þess á leit við PFS, að kallmerkinu TF3HQ verði úthlutað til Í.R.A. til tíma-bundinnar notkunar í *IARU Radio Championship* keppninni 10.-11. júlí 2010.

3.3. Umfjöllun um erindi TF1JI um „krossband repeater“ tilraun í Bláfjöllum frestað.

4. Ákvörðun um erindi til PFS vegna fyrirhugaðs amatörprófs

Samþykkt að fela formanni að falast eftir heimild til prófhalds til PFS þegar dagsetning liggur fyrir. Undir þessum lið var einnig greint frá niðurstöðum úr prófinu 23. janúar 2010.

5. PFS-málefni lögð fram til kynningar.

5.1 Sent erindi til PFS dags. 13.1.2010 vegna umsóknar um 500 kHz, 5 MHz og 70 MHz böndin.

5.2 Sent erindi til PFS dags. 10.2.2010; framhaldserindi sérstaklega vegna umsóknar um 500 kHz.

5.3 Mótttekið erindi frá PFS dags. 31.1.2010 m. heimild fyrir nýju QTH og nýrri QRG fyrir TF3RPA.

5.4 Minnisblað um viðræður við PFS 3.2.1010 um aflheimildir á 1850-1900 kHz í alþjóðlegum keppnum.

6. Aðalfundur Í.R.A. 2010.

Samþykkt tillaga þess efnis að aðalfundur 2010 verði haldinn 22. maí n.k. í stað 29. maí (eins og samþykkt var á síðasta stjórnarfund) þar sem CQ WPX CW keppnin er haldin þann dag. Einnig *samþykkt* að ganga að tilboði Hótel Sögu um 25.000 kr. salarleigu og 350 kr/mann kaffikostnað.

7. Fyrirkomulag stjórnarfunda, m.a. hvað varðar dagskrár og fundargerðir.

Samþykkt að halda óbreyttu fyrirkomulagi þar sem fundargerðir eru samþykktar á næsta stjórnarfund á eftir og gerðar opinberar í næsta CQ-TF og á vef félagsins, auk þess sem fundargerðin er prentuð út og hengd upp í fjarskiptaherbergi TF3IRA.

8. Ýmis atriði sem varða félagið

8.a www.ira.is. TF3SNN lýsti yfir áhuga á að koma að endurbótum á skipulagi vefsíðna félagsins. Ritari kvaðst í framhaldi vilja skipa TF3SNN ritstjórnarfulltrúa vegna vefsvæða ira.is, og samþykkti TF3SNN þá tilhögun. Áfram er stefnt að því að ráða ritstjóra að vefsvæðum félagsins.

8.b Nýliðasjóður. TF3SNN óskaði eftir að athugað yrði með hvort þessi sjóður sé enn til. Gjaldkeri TF3EE mun setja sig í samband við fyrri gjaldkera og athuga með þetta.

8.c Daglegur rekstur TF3IRA. Stöðvarstjóri TF3SNN óskar eftir að komið verði til móts við þörf á að leggja út fyrir rekstrarvörum. Samþykkt tillaga TF3GL þess efnis, að gjaldkeri sæi til þess að TF3SN hafi hverju sinni undir höndum tilhlýðilega fjárhæð úr félagssjóði til að standa straum að þessu.

8.d Vetrardagskrá og sunnudagsopnanir. Sunnudagsopnanir verða út marsmánuð.

8.e Staða nefndar um endurúthlutun kallmerkja. TF2JB greindi frá að nefndin sé nálægt niðurstöðu.

8.f Staða morseæfinga. Að sögn TF2JB er útsendingu morseæfinga hætt að sinni.

8.g Embættismenn: QSL Manager. Formaður sagði leit í gangi.

8.h Aðkoma Í.R.A. að "Opnum dögum" í Tækniskóla Íslands 25.-27. febrúar n.k. Samþykkt að koma þessu á framfæri við félagsmenn.

8.i Kostnaðarhlutdeild í samrekstri húsnæðis. Lagt var til að Í.R.A. tæki þátt í rekstri þjófavarnarkerfis með 2000 krónum á mánuði. Samþykkt af öllum greiddum atkvæðum nema TF3SNN. Vátryggingar: Gjaldkeri, TF3EE, mun skoða hvort uppfæra þurfi vátryggingarfjárhæð tækjabúnaðar félagsins.

9. Látnir félagsmenn.

Eggert Steinsen, TF3AS, andaðist 15. janúar s.l. Eggert var gerður að heiðursfélaga í Í.R.A. 15. janúar árið 2005. Útför hans fór fram 25. janúar s.l. Félagið sendi blóm til minningar um Eggert og minningarkort frá Krabbameinsfélagsfélaginu. Þá hefur TF2JB ritað stutta grein um Eggert heitinn fyrir 1. tbl. CQ TF 2010. Guðlaugur Grétar Kristinsson, TF3MEN, andaðist 29. janúar s.l. Tilkynning mun hafa birst í Morgunblaðinu 9. febrúar s.l. um lát hans og að útför hafi þegar farið fram. Félagið sendi minningarkort um Guðlaug heitinn frá Krabbameinsfélaginu.

10. Önnur mál.

Engin mál voru á dagskrá undir liðnum önnur mál.

11. Ákvörðun um dagsetningu og tímasetningu næsta stjórnarfundar.

Ákvörðun um dagsetningu næsta stjórnarfundar verður tekin þegar nær dregur páskaum.

12. Fundarslit.

Fundi slitið kl. 19:30.

Fundargerð: TF3GL.



Úr félagsstarfinu. Þann 25. mars s.l. kom félagsmaður okkar Guðlaugur Ingason, TF3GN, færandi hendi í félagsaðstöðu Í.R.A. við Skeljanes. Hann færði félaginu að gjöf innbundið hefti af 15. tbl. Útvarpstíðinda frá september 1946. Í heftinu er m.a. viðtal við Einar Pálsson, TF3EA, fyrsta formann Í.R.A. en félagið hafði skömmu áður verið stofnað, þ.e. 14. ágúst 1946. Fjölmargt áhugavert kemur fram í viðtalinu, og m.a. að stofnfélagar Í.R.A. hafi verið 140 talsins og að á þeim hálfu mánuði sem liðinn var þegar viðtalið var tekið, hafi bæst við 30 félagsmenn. Heftið er vandlega innbundið af Guðlaugi sjálfum. Guðmundur Sveinsson, TF3SG, varaformaður tók á móti gjöfinni. Ljósmynd: TF3JA.

STJÓRNARFUNDUR Í.R.A. NR. 9/2010

Haldinn þriðjudaginn 30. mars 2010 kl 18.00 að Skeljanesi.

Mættir: TF2JB, TF3SG, TF3EE, TF3SNN og TF1JI. TF3GL og TF3BJ boðuðu forföll.

1. FUNDARSETNING OG SAMÞYKKT DAGSKRÁR

Formaður setti fund kl. 18:03 og lagði fram tillögu að dagskrá sem var *samþykkt*.

2. UPPKAST AÐ FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR LAGT FRAM

Uppkast að fundargerð fundar nr. 8/2010 (frá 16. febrúar 2010) var lögð fram og *samþykkt*.

3. ERINDI TIL AFGREIÐSLU

Erindi TF1JI um heimild til að setja upp 2m/70cm krossband endurvarpa í stað TF3RPB í Bláfjöllum (a.m.k. á meðan TF1RPB er bilaður/ónothæfur) lagt fram. Hugmynd Jóns er að nota tíðnina 145.500 MHz og finna sambærilega tíðni á 70 cm (í samræmi við bandplan). *Samþykkt* með öllum atkvæðum nema TF3SNN, að Í.R.A. styðji tilraunina.

4. AÐALFUNDUR Í.R.A. LAUGARDAGINN 22. MAÍ N.K.

- a) Formaður vakti athygli á ákvæðum í 16. og 26. gr. félagslaga, annarsvegar hvað varðar að fundarboð skuli póstlagt með a.m.k. þriggja vikna fyrirvara og hinsvegar, að berist stjórn frumvörp til lagabreytinga skuli þau send út *saman* með fundarboði. *Samþykkt* að fara þess á leit við ritstjóra CQ TF að þetta efni verði fylgi með í 2. tbl. blaðsins.
- b) TF3EE, gjaldkeri félagsins, kynnti stöðu félagssjóðs. Fram kom m.a., að fjárhagur er góður. Alls hafa um 160 manns hafa greitt félagsgjöld á árinu.
- c) *Önnur atriði*. Rætt um tilvist nýliðasjóðs. Sveinn, TF3SNN telur að heimild sé til staðar um stofnun þess háttar sjóðs. Framlög í sjóðinn hafi m.a. verið fengin með sölu á flóamarkaði.

5. ATRIÐI ER VARÐA FÉLAGIÐ

- a) Vegna óska félagsmanna um útlán á bókum og diskum í eigu félagsins, var *samþykkt* heimild þess efnis, að lána megi út handbækur og diska í eigu félagsins. Haldið skal vel utan um útlán og þau skráð í þar til gerða bók. Útlánstími verði að jafnaði ekki lengri en vika í senn.
- b) Rætt um móttöku gjafa til félagsins. Skerpa þarf á skráningu gjafa til félagsins.
- c) Flóamarkaður hefur verið auglýstur sunnudaginn 11. Apríl n.k. Félagið mun selja gamla komponenta og hluti. Sveinn, TF3SNN og Guðmundur, TF3SG munu hittast í vikunni og taka saman þá hluti og verðsetja.
- d) Staða loftneta. Endurnýja þarf 80 metra spólu og topp á Hustler vertikal. *Samþykkt* að fresta kaupum á loftnetshlutum fram yfir aðalfund.
- e) Vinnudagur vegna uppsetningar á VHF/UHF loftnetum var ákveðinn sunnudaginn 18. apríl n.k. með fyrirvara um að veður hamli ekki.
- f) Heimasíða Í.R.A. og spjallþræðir félagsins. Sveinn, TF3SNN hefur boðað útlitsbreytingar á síðunni, og mun vinna að breittri uppsetningu hennar í þrjá dálka.

6. ÖNNUR MÁL

- a) „Calendar“ dags. 17. mars 2010 frá IARU Svæði 1 lá frammi á fundinum. Tekið var fyrir „Proposal 246“ sem varðar inngöngu landsfélags radióamatöra í Svartfjallalandi (MARP). Meðmæli samþykkt og formanni falið að fylla út og senda tilheyrandi eyðublað til IARU.
- b) Stefán Þórhallsson, TF3S, hefur fært félaginu að gjöf mælitæki og bækur. Mælitækjunum hefur verið komið fyrir í smíðaaðstöðu og eru Stefáni færðar innilegar þakkir frá félaginu.
- c) Guðlaugur Ingason, TF3GN, hefur fært félaginu að gjöf innbundið hefti af 15. tbl. Útvarpstíðinda frá septembermánuði 1946. Guðlaugi eru færðar innilegar þakkir.
- d) Rætt um hvernig standa skuli að móttöku gjafa sem félaginu berast.
- e) Tíðnimál. Rætt um auknar aflheimildir og aukið samfellt tíðnisvið á 5MHz í ljósi erindis félagsins til PFS dags. 13. janúar s.l. Formaður skýrði frá því að hafa nýlega átt óformlegan fund með HRH og kvaðst bjartsýnn á að svar muni berast eftir páska.
- f) Ekki er enn búið að fylla í stöðu QSL Manager. Formaður hefur tekið þau kort sem félaginu hafa borist heim til sín til flokkunar.

7. ÁKVÖRDUN UM DAGSETNINGU NÆSTA STJÓRNARFUNDAR

Stefnt skal að því að halda næsta stjórnarfund ca. 2 vikum fyrir aðalfund.

8. FUNDARSLIT

Fundi slitið kl 20.15.

(TF3SG ritaði fundargerð).



Úr félagsstarfinu. Stefán Arndal, TF3SA, á opunardegi talstöðvasafns TF3WS, að Skógum 6. júní 2009. Ljósmynd.: TF2JB.

STJÓRNARFUNDUR Í.R.A. NR. 10/2010

Haldinn laugardaginn 8. maí 2010 kl. 12:00 að Skeljanesi.

Mættir: TF2JB, TF3SG, TF3EE, TF3SNN og TF3BJ. TF3GL og TF1JI boðuðu forföll.

1. FUNDARSETNING OG SAMÞYKKT DAGSKRÁR

Formaður setti fund kl. 12:05 og lagði fram tillögu að dagskrá sem var *samþykkt*.

2. UPPKAST AÐ FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR LAGT FRAM TIL SAMÞYKKTAR

Uppkast að fundargerð fundar nr. 9/2010 (frá 30. mars 2010) var lagt fram og *samþykkt*.

3. ERINDI TIL AFGREIÐSLU

- a) Lagt fram erindi til umsagnar frá Póst- og fjarskiptastofnun dags. 29. f.m. er varðar umsókn Claudio Corcione um íslenskt kallmerki. Hann hefur kallmerkið **KJ4MLX** og er handhafi „General“ leyfisbréfs frá FCC. Hann hefur jafnframt kallmerkið **IC8BNR** og er handhafi „A“ leyfisbréfs frá ítalska PFS. Claudio hefur ekki framvísað HAREC leyfisbréfi frá Ítalíu. Engu að síður var *samþykkt* að Í.R.A. mæli með úthlutun PFS á N-leyfisbréfi til hans á grundvelli „General“ leyfisbréfs hans með tilvísan í 9. gr. reglugerðarinnar *annarsvegar*, og *hinsvegar*, þar sem Ísland er aðili að „EEC Recommendation (05)06“; sbr. viðbæti (e. appendix) á bls. 6 í útgáfu 2009, þar sem segir: „National novice licences of non-CEPT countries equivalent to the CEPT Novice Licence“ er sambærilegt „General“ leyfi í Bandaríkjunum.
- b) Erindi Jóns Þórodds Jónssonar, TF3JA, um gerð tilraunar með útsendingar frá félagsstöðinni yfir Internetið. *Samþykkt* að fresta afgreiðslu erindisins til næsta fundar og TF3JA verði boðið að verða gestur fundarins vegna málsins.

4. AÐALFUNDUR Í.R.A. 22. MAÍ N.K.

- d) *Skýrsla um starfsemi félagsins*. Formaður, TF2JB, kynnti drög að skýrslu um starfsemi félagsins 2009-2010. Drögin skiptast í þrjú hluta. Í fyrsta lagi, umfjöllum um starfsemina á starfsárinu. Í öðru lagi eru birtar fundargerðir stjórnar; og í þriðja lagi, ýmiskonar fylgiskjöl sem tilheyra starfsárinu. Stjórnarmenn komu með ábendingar á fundinum um það sem betur má fara, en voru að öðru leyti ánægðir með drögin. Miðað er við að dreifa skýrslunni á aðalfundi og vista í framhaldi á heimasíðu félagsins.
- e) *Ársreikningur*. Gjaldkeri, TF3EE, kynnti ársreikning félagsins sem vinnuþagg. Miðað fer við að reikningurinn verður tilbúinn og undirritaður af endurskoðendum n.k. fimmtudag. Varaformaður, TF3SG, var gjaldkera til aðstoðar og er ársreikningurinn afar vel upp settur og greinargóður. Greidd félagsgjöld voru 163 samanborið við 123 á fyrra tímabili. Aukning er 33%. Skráðir félagsmenn eru 204 samanborið við 176 á fyrra tímabili. Aukning er 16%.
- f) *Önnur atriði*. (1) Meðstjórnandi, TF3SNN, tekur að sér sem spjaldskrárritari, í samvinnu við gjaldkera, að setja upp og annast um sérstaka skrá yfir félagi sem greitt hafa félagsgjald. (2) Varaformaður, TF3SG, hefur áhyggjur af að aðalfundarboð hafi ekki borist öllum. Fram kom, að boðað hafi verið til aðalfundar á heimasíðu og á póstlista 2. apríl s.l. í tengslum við ábendingu um að lagabreytingar þyrftu að berast stjórn fyrir 15. apríl. Þá var auglýsing með aðalfundarboði birt í forútgáfu CQ TF 23. apríl á heimasíðu og síðan, í endanlegri útgáfu á sama stað 27. apríl. Í 16. gr. félagslaga segir: „Aðalfundur er löglegur ef til hans er boðað bréflaga eða með auglýsingu í CQ TF. Fundarboð skal póstleggja eigi síðar en þrem vikum fyrir fundardag“. Samkvæmt því, hefði þurft að póstleggja CQ TF til þeirra sem óska eftir prenaðri útgáfu CQ TF (en eru t.d. ekki með tölvu) eigi síðar en 1. maí s.l. Sá dagur og sá næsti eru hins vegar frí- og helgidagar, þannig að blaðið hefði þurft að póstleggjast eigi síðar en 3. maí s.l. Hringt var í ritstjóra af fundinum til að spyrjast fyrir um það, en ekki náðist samband við hann. Ljóst er, að ef CQ TF hefur farið í póst **seinna** en 3. maí 2010 þarf að leita afbrigða við upphaf aðalfundar hvað varðar 16. gr. félagslaga.

5. SAMÞYKKT ÚTGJÖLD FÉLAGSSSJÓÐS

- g) *Samþykkt* að tillögu formanns, TF2JB, að félagssjóður festi kaup á New-Tronics Hustler G6-144B loftneti fyrir TF3RPC. Áætlaður kostnaður er um 35 þúsund krónur.
- h) *Samþykkt* að tillögu meðstjórnanda, TF3SNN, að félagssjóður festi kaup á „headphone preamplifier“ fyrir Vita- og vitaskipahelgar. Áætlaður kostnaður er um 9 þúsund krónur.

6. ÖNNUR MÁL

- a) Fram kom undir dagskrárliðnum að tekjur af flóamarkaði námu 3.100 krónum.
- b) Læsing heimasíðunnar var rædd, m.a. hvað varðar aðgang að félagsblaðinu CQ TF.
- c) Þar sem þetta var síðasti stjórnarfundur starfsársins tókust menn í hendur og þökkðu hver öðrum ánægjulega viðkynningu og góð störf í þágu félagsins.

7. FUNDARSLIT

Fundi slitið kl 13:15.

(TF3SG ritaði fundargerð).

Úr félagsstarfinu. Nýr viðhafnarfáni Í.R.A. barst félaginu 26. janúar 2010.

Félagið hafði, um nokkurra ára skeið, safnað fé í til slíkra kaupa í svokallaðan fánasjóð. Í nóvember s.l. var hafist handa og samið við Fánagerðina Vísi á Þórshöfn á Langanesi og var fáninn saumaður þar.

Hann er mjög vandaður að allri gerð, 150 cm á hæð og 100 cm á breidd, og er nafn félagsins, félagsmerki, stofndagur og ár, þrykkt með svörtum farva á vandaðan silkigrunn.

Þegar búið er að hengja fánann upp á frístandandi gólfstöng (sem fylgdi) er útkoman glæsileg. Ársæll Óskarsson, TF3AO, hafði milligöngu um framleiðsluna.



150 x 100 cm



Úr félagsstarfinu. Yngvi, TF3Y, leit við í félagsaðstöðunni þann 8. apríl 2010 og sýndi félagsmönnum nýtt viðtæki sem hann hafði nýlega fest kaup á, QuickSilver QS1R SDR sem er hannað og smíðað af Phil, N8VB. Frá vinstri: Yngvi Harðarson, TF3Y; Gísli G. Ófeigsson, TF3G; og Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA. Neðri mynd: QS1R viðtækið er fyrirferðarlítið og er staðsett mitt á milli lykklaborðsins og ferðatölvunnar. Ljósmyndir: TF2JB.



Viðauki-B

QSL skilagreinar
Ávarpsbréf til nýrra félaga
Erindisbréf neyðarfjarskiptastjóra
Fréttatilkynning dags. 20.2.2010
Yfirlit yfir gjafir til félagsins



ÍRA QSL Bureau

Pósthólf 1058, 121 Reykjavík

Jón Gunnar Harðarson, TF3PPN, QSL Manager (s. 566-7231)

Skilagrein fyrir QSL kort

Dagsetning:

Kallmerki:

Fjöldi korta:

Fjárhæð sem lögð er með í umslagið (ath. 5 kr. á kort):

Skilaboð til QSL Managers (ef einhver eru):

Ath. að skila kortum í stafrófsröð eftir forskeytum kallmerkja (prefixum) en ekki eftir löndum.



ÍSLENSKIR RADÍÓAMATÖRAR, Í.R.A.

Pósthólf 1058
121 Reykjavík
www.ira.is
tf3ira@gmail.com

Ágæti nýi félagsmaður!

Velkomin(n) í félagið Íslenskir radíóamatörar (Í.R.A.). Við þetta tækifæri, viljum við vekja athygli á nokkrum þáttum í félagsstarfinu sem félagsmönnum standa til boða.

1. FÉLAGSAÐSTAÐA

Félagsaðstaða Í.R.A. er við Skildinganes í Reykjavík. Þar er opið hús á fimmtudagskvöldum kl. 20-22. Yfir vetrartímamann (ca. desember til apríl) er jafnframt opið á sunnudagsmorgnum frá kl. 10-12. Félagssaðstaðan býður upp á setustofu á neðri hæð og fjarskiptaherbergi TF3IRA á efri hæð ásamt húsnæði fyrir TF QSL Bureau og vísi að smíðaaðstöðu.

Í setustofu koma félagsmenn (og gestir) saman og ræða áhugamálið, gjarnan yfir kaffibolla. Þar liggja frammi nýjustu tímaritin frá landsfélögum radíóamatöra á Norðurlöndum, annars staðar í Evrópu og Ameríku. Félagssaðstaðan er jafnframt nýtt fyrir erindisflutning, almenna fundi og myndakvöld. Á vetrardagskrá eru yfirleitt í boði 1-2 erindi í mánuði um mismunandi þætti áhugamálsins.

Á efri hæð, í fjarskiptaherbergi TF3IRA, geta félagsmenn hlustað á eða stundað fjarskipti í samræmi við heimild í leyfisbréfi (í samráði við stöðvarstjóra). Stöðin er ágætlega búin tækjum og loftnetum til fjarskipta, m.a. í flestum tíðnisviðum radíóamatöra í stuttbylgjusviðinu. Búnaður stöðvarinnar er ætíð í þróun og er miðað við að hægt sé að koma til móts við sem flestar óskir félagsmanna á hverjum tíma.

Í gegnum tíðina hefur TF3IRA gjarnan verið starfrækt í alþjóðlegum keppnum radíóamatöra. Miðað er við að virkja hana á sem flestum tegundum mótunar, t.d. á morsi, tali og stafrænum tegundum útgeislunar (t.d. RTTY, PSK-31 o.fl.). Framúrskarandi árangur hefur oft náðst frá stöðinni; jafnvel á heimsvísu.

QSL stofa félagsins hefur einnig aðstöðu á efri hæð. Hún deilir herbergi með vísi að smíðaaðstöðu sem verið er að setja upp um þessar mundir. QSL stofan annast móttöku og sendingu QSL korta félagsmanna um allan heim og er í samstarfi við önnur landsfélög radíóamatöra um heiminn. Félagsmenn sem þess óska, fá úthlutað og merkt sér hólfi með kallmerki sínu (eða hlustmerki), fyrir innkomin kort.

2. ÚTGÁFUSTARFSEMI, MIÐLAR OG NÁMSKEIÐ

Félagið gefur út ritið CQ TF sem er félagsblað Í.R.A. Árlega koma út fjögur tölublað sem félagsmönnum stendur til boða að fá send rafrænt í tölvupósti og/eða á prentuðu formi í pósti. Stærð blaðsins er yfirleitt á bilinu frá 36 til 52 blaðsíður.

Félagið heldur úti heimasíðu á netinu á slóðinni www.ira.is. Á heimasíðunni birtast jafnt og þétt tilkynningar til félagsmanna í sérstökum fréttadálki, auk þess sem í boði er efni af ýmsum toga sem tengist áhugamálinu. Heimasíðan notar svokallað Wiki forrit, sem þýðir, að í raun að allir félagsmenn hafa skrifaðgang að síðunni. Síðan er að hluta til lokað öðrum en félagsmönnum.

Félagið heldur jafnframt úti sérstökum póstlista á Yahoo. Félagsmenn þurfa að sækja um aðgang að póstlistanum, sem er lokaður öðrum en félagsmönnum.

Félagið stendur fyrir námskeiðahaldi til amatörprófs. Miðað er við að slík námskeið séu í boði a.m.k. einu sinni á ári. Námskeiðin standa jafnan yfir í 10 vikur og fer kennsla fram tvisvar sinnum í viku, ca. tvo tíma í senn. Próf eru haldin á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar.

Félagið stendur einnig fyrir morsnámskeiðum. Þótt kröfur um morskunnáttu hafi verið felldar niður með reglugerð um starfsemi radíóáhugamanna árið 2004, er mors mikið notað sem samskiptaaðferð í tíðnisviðum radíóamatöra um víða veröld og er aukinn áhugi á þessari tegund útgeislunar.

3. ÖNNUR STARFSEMI

Félagið stendur árlega fyrir söludegi notaðra hluta sem tengjast áhugamálinu. Þessi dagur er yfirleitt haldinn snemma vors, um helgi. Þá gefst félagsmönnum kostur á að mæta í félagsaðstöðuna og ýmist bjóða til sölu (eða jafnvel fá gefins) íhluti, tæki og/eða búnað sem þeir vilja selja og/eða losna við. Margir gera iðulega góð kaup.

Félagið stendur árlega fyrir svokölluðum TF Útileikum sem eru haldnir um verslunarmannahelgina. Miðað er við að menn taki með sér búnað til fjarskipta í ferðalagið um þessa helgi og hafi sem flest sambönd við aðra leyfishafa innanlands. Þátttakendur senda félaginu síðan afrit af radiódagbókum sínum og er árangur hvers og eins reiknaður út og verðlaun veitt.

Félagið stendur einnig fyrir svokallaðri "Vita- og vitaskipahelgi" sem haldin er árlega. Þá helgi fara radióamatörar um allan heim með búnað til fjarskipta og hafa sambönd úr vitum (og vitaskipum). Félagið hefur m.a. yfir að ráða rúmgóðu fjarskiptatjaldi sem notað er í þessu skyni. Undanfarin ár hefur Knarrarósviti við Stokkseyri verið heimsóttur. Vitahegin fer fram um miðjan ágúst og hefst yfirleitt á föstudagskvöldi.

4. FJARSKIPTIN

Félagsmönnum stendur til boða að nota eftirtaldar endurvarpsstöðvar í metrabylgju-sviðinu (VHF): TF3RPA (Skálafell), TF1RPB (Bláfjöll), TF3RPC (Reykjavík), TF5RPD (Vaðlaheiði) og TF1RPE (Þjórsárdalur). Að auki má nefna radióvitann TF1SIX, sem sendir út á tíðnini 50.057 MHz (allan sólarhringinn) allt árið um kring. Þá hefur félagið lengi staðið

fyrir virkni á innanlandstíðni á 80 metra bandinu. Núverandi tíðni er 3637 kHz. Miðað er við að þar sé hlustun vegna innanlandsfjarskipta (bæði á morsi og tali). Virkni er þar mest á kvöldin og um helgar. Í metrabylgjusviðinu en hliðstæð hlustunartíðni á VHF er á 145.500 MHz.

5. AÐ LOKUM

Ég vil að lokum víkja að mikilvægi félagsins sem landsfélags radióamatöra. Félagið er umfram allt hagsmunafélag íslenskra radióamatöra. Félagið kemur fram sem fulltrúi leyfishafa gagnvart stjórnvöldum og hefur umsagnarrétt samkvæmt gildandi reglugerð. Þá er félagið aðili að aðþjódasamtökunum radióamatörfélaga *International Amateur Radio Union (IARU)* og *IARU Region I* sem er deild samtakanna fyrir okkar heimshluta, auk aðildar að samtökum landsfélaga radióamatörfélaga á Norðurlöndunum, *Nordisk Radio Amateur Union (NRAU)*.

Það er von mín að þú munir taka virkan þátt í starfi félagsins á þann hátt sem þér hentar best. Komi upp spurningar af einu eða öðru tagi sem varða félagið og starfsemi þess er undirritaður og aðrir stjórnarmenn ætíð reiðubúnir til svara og aðstoðar.

Með góðri kveðju,

Jónas Bjarnason, TF2JB,
formaður Í.R.A.

Embættismenn Í.R.A. stjórnarárið 2009-2010

Formaður	Jónas Bjarnason, TF2JB.	jonas@hag.is
Varaformaður	Guðmundur Sveinsson, TF3SG.	dn@hive.is
Ritari	Guðmundur Löve, TF3GL.	gl@industria.is
Gjaldkeri	Erling Guðnason, TF3EE.	tf3ee@bt.net.is
Meðstjórnandi	Sveinn Bragi Sveinsson, TF3SNN.	tf3sn@simnet.is
Varamaður	Jón Ingvar Óskarsson, TF1JI.	tf1ji@simnet.is
Varamaður	Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ.	kjartan@skygginn.is
Spjaldskrárritari	Sveinn Bragi Sveinsson, TF3SNN.	tf3sn@simnet.is
Ritstjóri CQ TF	Kristinn Andersen, TF3KX.	tf3kx@simnet.is
www.ira.is	Guðmundur Löve, TF3GL.	gl@industria.is
QSL Manager; útsend kort	Jón Gunnar Harðarson, TF3PPN.	tf3ppn@gmail.com
QSL Manager; innkomin kort	Bjarni Sverrisson, TF3BG.	tf3gb@islandia.is
Awards Manager	Brynjólfur Jónsson, TF5B	tf5b@internet.is
Neyðarfjarskiptastjóri	Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA.	jonth@simnet.is
Umsjónarmaður endurvarpa	Guðmundur Sigurðsson, TF3GS.	gummi117@visir.is
Stöðvarstjóri TF3IRA	Sveinn Bragi Sveinsson, TF3SNN.	tf3sn@simnet.is
Skólastjóri námskeiða	Hrafnkell Eiríksson, TF3HR.	he@klaki.net
IARU tengiliður	Krisján Benediktsson, TF3KB.	krisby@gmail.com
PFS tengiliður	Guðmundur Löve, TF3GL.	gl@industria.is
TF útileikar	Kristinn Andersen, TF3KX.	tf3kx@simnet.is
TF útileikar	Brynjólfur Jónsson, TF5B.	tf5b@internet.is
Prófnefnd Í.R.A., formaður	Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX.	villik@hi.is
Prófnefnd Í.R.A.	Krisján Benediktsson, TF3KB.	krisby@gmail.com
Prófnefnd Í.R.A.	Kristinn Andersen, TF3KX.	tf3kx@simnet.is
Prófnefnd Í.R.A.	Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS.	vilhj@ritmal.is
Prófnefnd Í.R.A.	Sigurður Smári Hreinsson, TF8SM.	tf8sm@simnet.is



EMBÆTTISBRÉF FYRIR NEYÐARFJARSKIPTASTJÓRA Í.R.A.¹⁶
Starfstímabilið 2009-2010

Í.R.A. viðurkennir mikilvægi neyðarfjarskipta. Um árabíl hefur málaflokkurinn þó ekki verið sérstaklega til umfjöllunar innan félagsins. Samkvæmt því þarfnast hann kynningar og tíma til umræðu og mótunar á meðal félagsmanna.

Grundvöllur þess að hægt sé að fara út í kynningu á málaflokknum er að fyrir liggi [hugsanleg] aðkoma íslenskra radíóamatöra að neyðarfjarskiptum í landinu. Í annan stað, er mikilvægt að fyrir liggi [að stærstum hluta] hvað það er sem félagið telur sig hafa fram að færa í þessum efnunum.

Starfsemi neyðarfjarskiptastjóra mun þannig, fyrst um sinn, að taka mið af ofangreindum þáttum. Þar sem undirbúningsvinna af þessu tagi er tímafrek og vandasöm er ekki talin ástæða til að setja verkefninu sérstakan tímaramma.

1. Skipunarbréf embættis neyðarfjarskiptastjóra Í.R.A. er ótímabundið líkt og gildir um önnur embætti innan félagsins. Stjórn skal þó ætíð staðfesta áframhaldandi skipan embættismanns á fyrsta formlegum stjórnarfundum nýrrar stjórnar.

2. Neyðarfjarskiptastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn félagsins. Hann vinnur í samráði við stjórn og skal bera undir hana stefnumarkandi atriði hverju sinni. Embættið vinnur starfs-áætlun sem skal vera til kynningar á fyrsta fundi stjórnar í septembermánuði (eða fyrr). Formaður er tengiliður stjórnar og embættisins.

3. Embætti neyðarfjarskiptastjóra annast almenn samskipti vegna málaflöksins í nafni félagsins og er tengiliður þess gagnvart aðilum innanlands sem utan. Embættisheiti á ensku er „*Emergency Communications Representative*“ og er hann m.a. tengiliður við „*Emergency Communications Coordinator*“ hjá IARU Region 1. Neyðarfjarskiptastjóri sækir þá fundi/ráðstefnur innanlands/erlendis sem hann metur að séu málaflokknum mikilvægir. Embættið annast sjálft fjármögnun ferðakostnaðar, t.d. með útvegum styrkja.

4. Neyðarfjarskiptastjóri skipuleggur og ber ábyrgð á þáttöku TF3IRA í „*Global Simulated Emergency Tests (GlobalSET)*“ þegar aðstæður leyfa (slíkar æfingar er haldnar tvisvar á ári). Embættið skipuleggur jafnframt neyðarfjarskiptaæfingar innanlands, þ.m.t. tíðni(r) þeirra og umfang hverju sinni. Embættið fylgist með og skráir umferð og truflanir á skilgreindum neyðartíðnum í tíðnisviðum radíóamatöra samkvæmt bandplani IARU Region 1.

¹⁶ Lokaskjal dags. 21.7.2009. Það byggir á uppkasti TF3JA pr. 7.7.2009 og uppkasti TF2JB pr. 10.7.2009.

5. Embættið skal vera fróðleiksbrunnur félagsins um allt sem varðar neyðarfjarskipti og sem að mati þess, kann að nýtast félaginu í málaflokknum. Í annan stað, heldur embættið skrá yfir búnað þeirra leyfishafa sem það heimila, virkan og óvirkan, sem hugsanlega gæti komið að notum í neyð.

6. Neyðarfjarskiptastjóri skal vera prófnefnd Í.R.A. innan handar um náms- og upplýsingaefni ásamt því að vera nefndinni innan handar um útvegum fyrirlesara á námskeið til amatörprófs vegna kynningar á neyðarfjarskiptum. Neyðarfjarskiptastjóri tekur jafnframt þátt í vinnu við uppbyggingu endurvarpa á vegum félagsins og uppsetningu APRS/D-STAR staðsetningar-miðlunar og skilaboðakerfisins hér á landi.

7. Neyðarfjarskiptastjóri flytur skýrslu um starfsemi embættisins á aðalfundi. Skýrslan skal vera gagnorð og taka mest 10 mín. í flutningi. Ákjósanlegt er að handrit skýrslunnar sé afhent ritstjóra CQ TF til birtingar í aprílútgáfu blaðsins. Embættið annast jafnframt umsjón með sérstakri síðu um neyðarfjarskipti á heimasíðu félagsins.

Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA, var skipaður neyðarfjarskiptastjóri Í.R.A. á stjórnarfundi þann 2. júní 2009; erindisbréfið var samþykkt á stjórnarfundi þan 11. ágúst 2009.



Úr félagsstarfinu. Þann 24. júlí 2009 var skipt um hlustíðni innanlands á 80 metrunum. Tíðnin 3633 kHz var yfirgefin og tíðnin 3637 kHz tekin í notkun. Ástæða flutningsins voru hvíleiddar truflanir á gömlu tíðninni; einkum vegna tíðra tónútsendinga og truflana frá þjónustu sem notar efra hliðarbandið á einhliðabandsmótun nærri 3633 kHz. Nokkrar tíðnir voru hlustaðar um nokkurra vikna skeið og var fyrsta val 3640 kHz (sem áður hafði verið notuð). Síðar kom í ljós, að RSGB er með QSP útsendingar á þeirri tíðni [og morseæfingar]. Loks varð 3637 kHz endanlega fyrir valinu og hefur hún reynst nokkuð vel. Í gegnum tíðina hafa nokkrar hlustíðnir verið notaðar á 80 metrunum, m.a. áður nefnd 3640 kHz, auk 3710 kHz sem notuð var um langt skeið. Á myndinni má sjá nýju og gömlu innanlandstíðnirnar á skjánum á Icom IC-756PROIII. Ljósmynd: TF2JB.



ÍSLENSKIR RADÍÓAMATÖRAR (Í.R.A.) / ICELANDIC RADIO AMATEURS

P.O. Box 1058

121 Reykjavík

Iceland

(www.ira.is)

(tf3ira@gmail.com)

NEWS RELEASE DATED FEBRUARY 20, 2010

1. ICELAND ON 4 METERS

Yesterday, February 19, 2010 The Post and Telecom Administration in Iceland granted a temporary experimental access to the 4 meter band in Iceland. The permit is valid until December 31, 2010.

Frequency span: **70.000-70.200 MHz**. Access is granted on secondary basis. Maximum bandwidth is 16 kHz and power limit is 100 W.

Licensees need to apply to the PTA for a special license. The experimental license is open to both "N" and "G" license classes.

2. ICELAND ON 600 METERS

Yesterday, February 19, 2010 The Post and Telecom Administration in Iceland granted a temporary experimental access to the 600 meter band in Iceland. The permit is valid until December 31, 2010.

Frequency span: **493-510 kHz**. Access is granted on secondary basis. CW only. Power limit is 100 W.

Licensees need to apply to the PTA for a special license. The experimental license is open to both "N" and "G" license classes.

Confirming the above, I remain.

Respectfully yours,

Jónas Bjarnason, TF2JB,
President of Í.R.A.

E-mail address: jonas@hag.is / private tel. +354-437-0024 / GSM: +354-898-0559 / Fax +354-437-0121



Úr félagsstarfinu. Bjarni Sverrisson, TF3GB, gluggar í smádótið á einu borðanna á flóamarkaði Í.R.A. þann 11. apríl 2010. Ljósmynd: TF2JB.

Gjafir til Í.R.A.

YFIRLIT YFIR GJAFIR TIL FÉLAGSINS Á STJÓRNARÁRINU 2009-2010

Lýsing á gjöf	Staðsetning ¹⁾	Gefandi
Ýmis mælitæki (sjá upptalningu í meðfylgjandi töflu)	Smíðaaðstöðuherbergi	TF3S
Bækur frá ARRL áður í eigu TF5TP	Smíðaaðstöðuherbergi, bóskápur	TF3S
Útvarpstíðindi 15. tbl. 1946, innbundið af TF3GN	Fjarskiptaherbergi, stjórnarskáp	TF3GN
Loftskýtamannatal í vönduðu bandi	Smíðaaðstöðuherbergi, bóskápur	TF3JL
Win-test keppnisforrit	Fjarskiptaherbergi (innsett í tölvu við borð-A)	TF3Y
Navigator viðmót frá U.S. Interface	Fjarskiptaherbergi (tengt við FT-1000MP)	TF3JA
Milliveggur, bólstraður, 1+½ eining	Fjarskiptaherbergi	TF2JB
Dell PC-tölva með aukaminni	Fjarskiptaherbergi (við fjarskiptaborð-B)	TF2JB
Svart/hvítar veggmyndir á karton úr sögu félagsins	Samkomusalur á 1. hæð	TF2JB
TF3IMD upplýsingaspjald, innrammað	Fjarskiptaherbergi (á austurvegg)	TF2JB
Geymsluvasar úr plexigleri f. handbækur (manuals)	Fjarskiptaherbergi (við fjarskiptaborð A og B)	TF2JB

¹⁾ Geymslustaður m.v. 10.5.2010.

Yfirlit yfir mælitækjagjöf TF3S til Í.R.A.

Tegund mælitækis	Gerð	Framleiðandi	Framl. nr.
10 MHz oscilloscope	CS-1012	Trio, Japan	4110107
Frequency counter	FC-756	Trio, Japan.	4090075
AM/FM signal generator	PM-5320	Philips Eindoven	D348
FM signal generator	202B	Boonton Radio Corp., USA	2842
Decade condenser	DC-1	Heathkit	n/a
Decade resistance	CR-1	Heathkit	n/a
Volt/Ohm multimeter	WV-98c SeniorVoltOhmyst	RCA	n/a
RF vacuum tube volt meter	n/a	RCA	n/a
Crystal controlled μ -volt generator	191X	Hickok	n/a
Load Resistor, 50 Ω ; 0-3000 MHz	634N	Mc. Jones Electronics, USA	n/a





Úr félagsstarfinu. Vinna við SteppIR 3E Yagi loftnet félagsins 1. nóvember 2009. Ljósmynd: TF2JB.